

DÖFFBLAÐIÐ

TÍMARIT FÉLAGS HEYRNARPLAUSRA

FEBRÚAR 2015

FÉLAGIÐ
FAGNAR

55

ÁRA
AFMÆLI

SÖGUR, VIÐTÖL & FRÆÐSLA

UM DÖFF OG TÁKNMÁL SEM ALLIR ÞURFA AÐ LESA

Óskum Félagi heyrnarlausra til hamingju með afmælið



ÍSLENSKA ER OKKAR TÁKNMÁL



DÖFFBLAÐIÐ

TÍMARIT FÉLAGS HEYRNARLAUSRA | FEBRÚAR 2015



Afmælskveðja frá starfsmönnum og stjórninni af tilfelli 55 ára félagsins.

Í ÞESSU BLAÐI...

- 4 Formannspistill og pistill framkvæmdastjóra
- 5 Samstarf Já.is og félagsins
- 5 Dagur Döff 2014
- 7 Menningarhátíð 2014
- 8 Frá þögn til þjóðþrifa
- 10 Hlutir sem þú átt aldrei að segja við heyrnarlausu manneskju
- 11 Fljúgandi hendur
- 12 Dragdrottningin sem færði þjóðinni gleði og kærleika
- 16 Þjóðvegurinn
- 18 Signgram - Grunnur að málfræðihandbók fyrir táknmál
- 22 Döffmót 2014
- 26 Hugleiðing um döfmenntun á Íslandi
- 28 Skuggatúlkun í leikhúsi: Viðtal við þrjá leikhústúlka
- 32 Fyrsti hvolpurinn þjálfaður sem „heyrandi“ hundur fyrir heyrnarlausra í Skotlandi
- 35 Ökuferð um Norðurlöndin
- 36 Hvers vegna finnst þér heyrnarlausir frábrugðnir þér?
- 36 Engar hindranir
- 38 Stúlkan sem notaði tæknina til að kanna eigin rödd
- 42 Kveðja frá Bordeaux í Frakklandi
- 43 Æskulýðsmót 2014
- 44 Signs2Cross

DÖFFBLAÐIÐ – TÍMARIT FÉLAGS HEYRNARLAUSRA
1. TÖLUBLAÐ | 16. ÁRGANGUR FEBRÚAR 2015

ÁBYRGÐARMADUR:
Heiðís Dögg Eiríksdóttir

HÖNNUN Á FORSÍÐU:
Gunnar Snær Jónsson

RITSTJÓRI
Gunnar Snær Jónsson

LJÓSMYND Á FORSÍÐU:
Adam Skrzyszewski

PRÓFARKALESTUR:
Anney Þórunn Þorvaldsdóttir

PRENTUN:
Oddi

AUGLÝSINGASTJÓRI:
Þróstur Friðbjósson

LJÓSMYNDIR:
Arturas Kuklis, Hjördís Anna Haraldsdóttir, Rut Rúnarsdóttir, Þórhallur Aðalsteinsson Björn Jónsson, Amber Mahoney og aðrar aðsendar myndir

UMBROT:
Gunnar Snær Jónsson

STJÓRN FÉLAGS HEYRNAR-
LAUSRA:
Heiðís Dögg Eiríksdóttir formaður,
Guðmundur Ingason varaformaður,
Hjördís Anna Haraldsdóttir,
Bernharð Guðmundsson,
Gunnar Snær Jónsson
meðstjórendur

UPPLAG:
1200 eintök

ISSN:
1670-6013



FÉLAG
HEYRNARLAUSRA

ÚTGEFANDI:
Félag heyrnarlausra
Þverholt 14
105 Reykjavík

SÍMI / FAX:
561 3560 / 551 3567
NETFANG: deaf@deaf.is
VEFFANG: www.deaf.is

FORMANNSPISTILL

Nýtt ár, tími breytinga og nýrra tækifæra. Í haust þurfti félagið að bregðast enn og aftur við tónum túlkasjóði. Við fengum góða umfjöllun og þökkum þeim fjölmiðlum sem tóku þátt í að fjalla um stöðu túlkasjóðsins. Við þökkum líka Snædís Rán og Áslaugu Ýri fyrir viðtal þeirra í Kastljósi sem sýnt var 17. nóvember 2015. Þær útskýrðu stöðuna vel með góðum rökstuðningi og vakti þetta viðtal mikla athygli víðs vegar í þjóðfélaginu. Á liðnu ári hefur félagið átt góða fundi með fulltrúum Heyrnarhjalpar og Fjólu. Mikilvægt er að styrkja böndin og styðja hvert annað og virða óskir og þarfir hvers annars. Öll berjumst við um réttindum og hagsmunum okkar fólks sem hefur mismunandi þarfir. Við bjóðum Hafdísí Gísladóttur, lögfræðing, velkomna til starfa

tímabundið frá janúar til apríl. Hún hefur gríðarlega mikla þekkingu á réttindabaráttu og málefnum döff. Undirrituð og Hafdís munu taka upp öll vopn og vinna markvisst að réttindamálum döff á nokkrum sviðum svo sem málefnum barna, aldraðra, þjónustuúrræðum fyrir döff+ og aldraða, rétti til túlks og fleiri mál eru á borðinu. Ég hlakka til að takast á við þessi verkefni ásamt stjórn og starfsmönnum félagsins með breiðan og sterkan bakhjarl.

Baráttukveðjur,
Heiðdís Dögg Eiríksdóttir
Formaður



PISTILL FRAMKVÆMDASTJÓRA



Verkefni félagsins á árinu 2014 hafa oftast en ekki farið út fyrir verkefna og skipulagsskrá félagsins og má þar nefna ýmis baráttu- og kærsmål fyrir réttindum heyrnarlausra sem komu upp á árinu. Félag heyrnarlausra með Heiðdísí formann ásamt Hafdísí Gísladóttur, sem nú er að öðlast lögmannsréttindi, auk Ástráðar Haraldssonar, lögfræðing félagsins í broddi fylkinga hafa þurft að fara áfram með hátt í 20 mál af ýmsum toga í kærufarli. Var það ákvörðun stjórnar að ráða Hafdísí tímabundið fyrstu þrjá mánuði þessa árs til að fylgja þessum málum eftir af krafti og fá niðurstöðu úr þeim. Einnig réð Félag heyrnarlausra lögmann ÖBÍ til að fylgja eftir réttindum döff til túlkunar í háskólanámi og er það mál einnig í kærufarli. Má segja að árið 2014 hafi einkennst af harðri réttindabaráttu þar sem réttindi heyrnarlausra eru sótt fram af fullum þunga. Slíkur málarekstur er kostnaðasamur en félagið hefur sem betur fer sjóð til að kosta þennan rekstur enda er meginmarkmið með starfsemi Félags

heyrnarlausra að gæta slíkra hagsmuna.

Happdrættissala gekk vel á árinu og er komið mjög gott skipulag á sölnuna sem við höldum vel utan um hér í félaginu. Búið er að festa kaup á nýjum borðum og stólum fyrir sal félagsins og á hann að hýsa 120 manns í sæti með góðu móti. Auk þess að verið er að skoða sérhæfða lýsingu á svið félagsins þannig að allir sjái vel túlkun og það sem gerist á sviðinu. Stefnan er því að salurinn verði fullkláraður í allri sinni mynd á 55 ára afmæli félagsins í febrúar.

Svo vil ég hrósa mínu starfsfólki í Félagi heyrnarlausra og því starfi sem það innir af hendi af alúð og áhuga enda er það starf okkar hér í félaginu að málefni og réttindi döff séu tryggð sem best.

Til hamingju með 55 ára afmælið kærnu félagsmenn.

Daði Hreinsson
Framkvæmdastjóri

SAMSTARFIÐ JÁ.IS OG FÉLAGSINS

Eftir Daða Hreinsson

Já.is, sem gefur út símaskrána, og Félag heyrnarlausra hafa gert með sér samkomulag þess efnis að þema símaskrárinnar verði um döff og táknmál. Alls mun Félag heyrnarlausra geta birt 10 blaðsíður í símaskránni um heyrnarlausna og táknmál. Félagið er í samstarfi við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnar-skertra um að finna efni í símaskrána en aðal markmið með efni í símaskrána er að upplýsa almenning um táknmál, hvar hægt er að læra táknmál, t.d. í gegnum Signwiki, algengar setningar á táknmáli, tímalínu í baráttumálum félagsins í gegnum tíðina og annað upplýsandi og fræðandi efni. Félag heyrnarlausra þakkar Já.is fyrir tækifærið á að gera táknmálið og döff aðgengilegra á opinberum miðli. Til viðbótar styrkti Já.is starfsemi félagsins um 500.000 krónur sem verður nýtt til að efla heimasíðu félagsins.



DAGUR DÖFF 2014

Eftir Heiðdísí Dögg Eiríksdóttur

Dagur döff var haldinn síðustu helgina í september 2014. Hann hófst með fyrirlestri, Freyja Haraldsdóttir og Embla Ágústsdóttir frá Tabú komu og fræddu okkur um Ableisma sem er í raun mjög líkur Audisma. Ableismi er hugtak yfir mismunun og fordóma gagnvart fólki með ólíkar skerðingar. Ableismi einkennist af þeim hugmyndum að fatlað fólk sé gallað, þurfi að laga það og þau hafi minni getu en aðrir í þjóðfélaginu.

Íþróttafélagið ÍFH sá um bjórsölu um kvöldið sem fékk það skemmtilega nafn Heitt hjarta og Kaldar hendur. Augljóst er að ÍFH er að vaxa á fullum hraða með nýrri stjórn sem kosin var vorið 2014. Laugardagurinn var helgaður fjölskyldunni. Fjölbreytt dagskrá var í félaginu fyrir alla. Nokkrir komu og settu upp Döffport sem má líkja við Kolaportið. Erlendir döff sem búa á Íslandi tóku höndum saman og göldruðu fram ýmsa rétti frá Póllandi, Lettlandi, Litháen, Rússlandi og Tékklandi. Gestir gerðu matnum góð skil og við þökkum þeim kærlega fyrir framtakið. Hanna Lára farðaði börnin með flottri andlistmálningu og mátti sjá nokkra Hulk, Spiderman, Frozen og fleiri furðuverur. Töfra- maðurinn Lalli kom og sýndi nokkur töfrabrögð og börnin höfðu gaman af. Til gamans má nefna að ekki var nýttur túlkur þar sem áherslan var að hafa þetta sem mest sjónrænt. Að lokum fengu öll börn blöðrudýr sem höfðu mislangan líftíma. Um kvöldið var ákveðið að prófa að slá til og borða á nýjum stað, Bombay Bazar, en hann er indverskur. Flestir höfðu ánægju af kvöldinu og nutu sín yfir mat og spjalli.





1



3



2



4

GLEÐI Á DÖFF DEGI

(1) Margir komu á björkvöld á Degi Döff og Elsa Björnsdóttir sýndi stuttmyndina, Þjóðveg, sem hægt er að lesa um á bls 16. (2) Heiðdís stýrði leik og skipti þátttakendum í tvo hópa. (3) Heiðdís og Guðmundur brosmild fyrir ljósmyndara. (4) Hóparnir fóru í boðhlaup með herðatré á milli fótanna. (5) Fólk fylgdist spent með boðhlaupinu. (6) Mikið spjallað á veitingahúsinu Bombay Bazar. (7) Hanna Kristín, Kolbrún og Jan ánægð með kvöldið. (8) Dömunar saddir eftir góðan indverskan mat. (9) Margir spjölluðu saman yfir drykk eftir matinn. (10) Spjallað fyrir matinn.



6



5



7



8



9



10

6

MENNINGARHÁTÍÐ 2014

Eftir Hjördísi Önnu Haraldsdóttur

Norrænt samstarf milli döff hefur varað síðan árið 1907 og upp úr því samstarfi varð til Norræn ráðstefna sem haldin var á nokkurra ára fresti. Eftir 1970 þróaðist ráðstefnan yfir í menningarhátíð sem haldin hefur verið á fjögurra ára fresti og löndin skiptast á að halda hátíðina. Síðasta ár var það hlutverk Finna og var hún haldin í Turku 30. júlí til 2. ágúst. Dræm þátttaka Íslendinga var á hátíðina. Margt má taka með í reikninginn eins og tímasetningu, staðsetningu og kostnað. Þó voru tveir Íslendingar alla hátíðardagana og tveir bættust við á lokakvöldinu.



Lífsmyndir: Hjördís Anna Haraldsdóttir

Menningarhátíðin var haldin í Turku/Åbo og öll dagskrá hátíðarinnar var á ráðstefnustaðnum Logomo. Staðurinn Logomo var upphaflega lestarverkstæði en núna í dag er þar veitingastaður og menningarmiðstöð fyrir listasýningar. Staðurinn er glæsilegur og í topp klasa.

Þema menningarhátíðarinnar var „Diversity in Nordic countries“ sem mætti þýða á íslensku sem „Fjölbreytileiki Norðurlandanna“.

Ástæðan fyrir þemanu er að döff samfélag er að breytast og margir undirhópar komnir sem hafa verið í jaðarhópum innan samfélagsins. Þar má nefna CODA, dauflinda, innflytjendur o.s.frv. Ekki er hægt að tala um „staðlaða“ mynd af döff heldur erum við jafn fjölbreyttur hópur og þverskurður af flóru mannlífsins. Fjölbreytileika í döff samfélaginu ber að virða og fagna. Táknmálið er málið sem við öll eigum sameiginlegt og með því skapast margt en eins og Döff menning er ekkert einhlítt. Opnunarhátíðin var mjög glæsileg. Eiginlega fyrsta flokks og erfitt verður að toppa hana. Listasýningar, listaverkstæði, málstofur, fyrirlestrar, uppistand og margt fleira. Stundum var erfitt að velja á milli dagskrárliða. Ég ætla að telja upp það sem mér fannst eftirminnalegast á menningarhátíðinni.

Barnalist kom mér á óvart en það var „gjörningur“ þar sem foreldra settu ung börn sem voru frá nokkurra mánaða upp í tveggja ára aldur, sem voru eingöngu í bleyju. Þeim var afhentur litríkur barnamatur í krukku. Mig minnir að gulur, rauður og appelsínugulur hafi verið áberandi. Barnið fékk frjálssar hendur með matinn, það gat borðað, maukað matinn á sjálfu sér eða á blaðinu á gólfinu svo að lokum var myndin hengd upp og gestir virtu „listaverkið“ fyrir sér. Mér fannst þetta alveg merkileg upplifun.

Listaverkstæði og sögukennsla. Við vorum á „leiklistarverkstæði“ nema að það var líka sögukennsla í gangi. Aðalpersónan var Carl Oscar Malm sem var frumkvöðull á Finnlandi. Þar var spuni, sköpun og málað samhlíða sögukennslu. Farið var yfir tíðarandann, hvernig fólkíð hafði talað á þessu tíma, hvernig klæðnaður var og samin var frétt um Carl í anda „Séð og heyr“t. Síðan var gerð grafík mynd af honum. Allar myndir voru hengdar upp á vegg að lokum sem hluti af listaverkinu.

Málstofa með DNUR, Dövas nordisk ungdom ráð og þema voru ýmiskonar málefni tengd ungu fólki. Það sem mér fannst skemmtilegast við það var að rýmið sem við vorum í var stórt og berstrípað og allir voru með „fatboys“ púða sem við gátum mótað eftir því hvort við vildum liggja, sitja eða halla okkur. Mjög afslöppuð stemning sem hafði óbein áhrif á hvernig umræðurnar þróuðust í málstofunni.

Listaverkasýning var í einum sal og Kolbrún Hreiðarsdóttir tók þátt í henni ásamt öðrum frá öllum Norðurlöndunum. Kolbrún var með textíl listaverk sem er í raun veggjald með allskonar bútum og í heildina skapaðist listverk. Háklasa listasýning þar sem ótrúlega flott listaverk voru bæði til sýnis og í sölu. DNR, Dövas nordisk ráð, voru einnig með tvær málstofur; fjölbreytileika til góðs og stöðu menntunar í dag. Málstofurnar voru opnar og fólk gat tjáð sig og komið með vangaveltur um málefni. Gaman var að sjá hversu breiður hópur tók þátt í umræðum: unglingar, CODA, eldri borgarar og allir þar á milli sem ræddu málin. Sumir voru sjálfir kennarar, nemendur og gátu komið með ferskt innlegg í umræðuna út frá þeirra sjónarhóli.

Auðvitað var lokasetning og lokahóf. Næsta menningarhátíð verður í Danmörku árið 2018. Ég skora á ykkur að taka frá tíma sumarið 2018 og fjölmenna til Danmerkur.



FRÁ ÞÖGN TIL ÞJÓÐÞRIFA

Á árunum fyrir 1960 áttu heyrnarlausir einstaklingar á Íslandi engin félagasamtök eða hagsmunaaðila til að gæta þeirra réttinda og lifðu í einangruðum heimi þar sem aðgengi að upplýsingum, samskiptum og öðru var mjög takmarkað. Hópur heyrnarlausra, sem áður hittist heima hjá hver öðrum ákvað að stofna félag sem fékk nafnið Félag heyrnarlausra og við stofnun þess voru félagar skráðir 33. Í upphafi var félagið stofnað til að auka félagslegt aðgengi og búa til samkomustað til að rjúfa einangrun heyrnarlausra sem var gríðarlega mikil á þessum tíma. Ekki var mikið rætt um hagsmunamál fyrstu 4 árin. Fyrsta hagsmunamál Félags heyrnarlausra var þegar óskað var eftir breytingum á umferðarlögum þess efnis að heyrnarlausum yrði gert kleift að öðlast ökuréttindi, en heyrnarlausir á Norðurlöndunum höfðu notið þessara réttinda í töluvert langan tíma. Félags heyrnarlausra hefur verið öflugur baráttuaðili fyrir heyrnarlausra frá fyrstu stofnárnum þess og eru helstu áfangar raktir í tímalínunni sem er sett upp hér fyrir neðan:

1960

11. febrúar:

Félag heyrnarlausra stofnað í Stakkholti. 33 einstaklingar skráðu sig í félagið. Frá stofnun 1960 til 1964 voru hagsmuna- og baráttumál ekki rædd á fundum þess. Árið 1964 breyttist það.

1965

1. maí:

Ný umferðarlög tóku gildi og döff tryggður réttur til að aka bíl.

1966

16. september:

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra stofnað. Þá var bygging nýs Heyrnleysingjaskóla mjög aðkallandi vegna rauðhunda-faraldursins sem gekk um landið 1963-64.

1971

12. febrúar:

Heyrnleysingjaskólinn í Vesturhlíð í Reykjavík opnaður.

1972

1. október:

Skákfélagið stofnað.

1975

Framkvæmdanefnd sem var samstarf Félags heyrnarlausra og Foreldra- og styrktarfélagsins. Var skipuð fjórum heyrandi og tveimur döff. Verkefni var að afla fjár sem verja skyldi m.a til aukinna erlendra samskipta, námskeiðshalds, útgáfu táknmálsorðabókar og fleiri verkefna. Happraætti Félagsins hófst.

Félag heyrnarlausra gekk í Norðurlandaráð heyrnarlausra (DNR)

1976

Blaðaútgáfa Félags heyrnarlausra stofnað.

Táknmálsorðabók, Foreldra- og styrktarfélagið og Félag heyrnarlausra gáfu hana út. 700 íslensk tákn.

1980

Táknmálsfréttir í Ríkissjónvarpinu

1977

15. október:

Félag heyrnarlausra fékk fyrstu eignina sína afhenta.

1978

Heyrnarlausum tryggðar örorkubætur með 50% örorku.

1981

Foreldrafélagið gaf út bókina, *Við tölum táknmál*.

13. desember: Fyrsti prestur heyrnarlausra vígður, séra Miyako Þórðarson.

1979

3. apríl:

Íþróttafélag heyrnarlausra stofnað.

Foreldrafélagið gaf út myndskreytta orðabók sem fékk nafnið Orðaskyggjinn sem var ætluð til málörvunar og talæfinga.

Heyrnar- og talmeina- stöðin tók til starfa.

1982

Vilhjálmur G. Vilhjálmsson kjörinn varaborgarfulltrúi í Reykjavík.

17. mars:
Félagið gerði kaupsamning við Klapparstíg 28.

1983

Frumsjúning á leikritinu *Guð gaf mér eyra*.

1985

Túlkanám vegna menningarhátíðar 1986.

1988

Táknmálsorðabók, 1800 íslensk tákn.
Klúbbur 37 stofnaður.

1990

31. desember:
Lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnardaufra samþykkt á þingi.

1991

Tilraunaútsendingar á textavarpinu hjá Ríkissjónvarpinu.

Rítisíminn.

1993

2. janúar:
Dvalarheimili heyrnarlaustra aldraðra í húsnæði fyrrum heimavistar á lóð Heyrnleysingjaskólans við Vesturhlíð.

1994

Kennsla í táknmálsfræði hófst við heimspékideild HÍ.

Daufblindrafélag Íslands stofnað.

13. ágúst:
Samtök heyrnarlaustra samkynhneigðra stofnað.

1997

Umboðsmaður fjallar um réttarstöðu heyrnarlaustra barna í skýrslu sinni til forsætisráðherra.

1. júlí:
Lög tóku gildi um réttindi sjúklinga þar sem þeir eiga á réttindi á upplýsingum með táknmálsútlun.

1999

6. maí:
Dómur féll í Hæstarétti Íslands um að Ríkissjónvarpinu væri skylt að túlka framboðsumræður í sjónvarpi um leið og þær færu fram.

Ný lög um örorkubætur.

2000

40 ára afmæli félagsins. Myndsími og o.fl.

2002

23. apríl:
Puttalingar stofnaðir. Félagstarf fyrir ungt fólk á aldrinum 13-30 ára.

2003

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, fyrst heyrnarlaustra á Íslandi og Norðurlöndum til að setjast á þing.

2004

Samþykkt á Alþingi að veita fjármagn til túlkabjónustu í daglegu lífi.

2005

Dómur féll í Héraðsdómi Reykjavíkur um skyldu Reykjavíkurborgar til að greiða fyrir táknmálsútlkabjónustu á foreldrafundum í grunnskólum.

Táknabankinn, táknmálsorðasafn á netinu sem var samstarfsverkefni Foreldrafélagsins, Félags heyrnarlaustra og Samskiptamiðstöðvar.

2009

Tinna táknmálsálfur í Stundinni okkar.

Spanóskýrslan.

2010

Litlu Puttalingar, félagstarf fyrir börn 0-12 ára bæði döf og CODA.

19. maí:
Lög um greiðslu sanngirnibóta úr ríkissjóði til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, nr. 26/2007.

2011

27. maí:
Lög um íslenska tungu og íslenskt táknmál samþykkt á Alþingi 27. maí 2011 og gerð að lögum 7. júní 2011.

2012

Málnefnd um íslenskt táknmál tekur til starfa.

2013

Félag heyrnarlaustra flytur í sitt húsnæði Þverholti 14, 105 Reykjavík.

HLUTIR SEM ÞÚ ÁTT **ALDREI** AÐ SEGJA VIÐ **HEYRNARLAUSA** MANNESKJU

Eftir Gunnar Snæ Jónsson

Hefur þú einhvern tímann horft á einhvern tala með höndunum og sagt við sjálfan þig: „Guð minn góður, þetta er heyrnarlaus manneskja!“? Ég segi bara já, já, hún er það. Hvaða máli skiptir það? Öll höfum við stundum sagt hluti við fólk sem við vildum helst aldrei hafa sagt. Sérstaklega þegar við erum að kynnst nýju fólki.

Heyrnarlausir eru mjög félagslyndir og ljúfir. Mér þykir svo leitt þegar ég heyri fólk segja hluti eins og: „Ó, þau eru heyrnarlaus. Ég sem ætlaði að segja eitthvað við þau,“ eða „ég lærði stafrófið þegar ég var lítill, ég ætla að stafa nafnið mitt.“ Við erum ekki dýr í dýragarði sem bíða eftir einhverjum til að gefa okkur hnetur. Allt í þessari grein hefur verið sagt við mig. Við alla vini mína. Oftar en einu sinni. Er mjög gáfulegt að gera sig sjálfan að fifli? Greinilega ekki.

Því miður virðist það oft koma fólki í upp-nám að hitta heyrnarlaus manneskju. Með von um að það hjálpi þér að forðast slík vandræðaleg augnablik þá koma hér nokkur atriði sem hafa ber í huga:

Ó, fyrirgefðu (gengur svo í burtu)

Heyrnarlaus fólk er ekki svona skelfilegt. Þegar þú áttar þig á að þú ert að tala við heyrnarlaus manneskju, horfðu beint á hana þegar þú talar. Talaðu skýrt en ekki ýkja munnhreyfingarnar. Þú getur líka náð í pappír eða notað símann til að skrifa hvað þú vilt segja. Það er mjög einfalt.

Þú hrópar til að ná í sambandi

Þú vissir að viðkomandi heyrir ekki? Hvers vegna að æpa?

Þú kastar hlutum

Myndir þú gera þetta við vini þína og láta þá fá hjartaáfall? Bankaðu bara á öxlina kurteisleg, blikkaðu ljósi eða vinkaðu.

Hvernig getur þú keyrt?

Ég nota augun. Hvernig keyrir ÞÚ? Ég er undrandi á því hversu margt fólk heldur að heyrnarlaus fólk geti ekki keyrt eða ætti ekki að fá ökuréttindi. Rannsóknir hafa sýnt fram á að heyrnarlausir bílstjórar eru ólíklegri til að lenda í slysi en heyrandi, slysatíðni er lægri.

Getur þú lesið?

Ég hef fengið þessa spurningu í lækni-viðtali. Ég skil að ég sé spurður að þessu því íslenska er ekki móðurmál mitt. En hvað heldur þú? Heyrnarlaus fólk fer í skóla, fær vinnu og gerir allt sem aðrir gera. Ó, nema að heyra. Það er móðgandi að gera ráð fyrir að heyrnarlausir geti ekki lesið.

Þú talar við þá eins og þeir séu treggáfaðir

Þú talar íslensku. Við tölum íslenskt tákmal. Þetta eru mismunandi tungumál og enginn munur á gáfnafari þeirra sem þau tala. Gerir þú ráð fyrir þig að einhver frá Spáni eða Japan sé treggáfaður út af því að þau tala annað tungumál? Nei, þú gerir það ekki eða ættir að minnsta kosti ekki að gera það.

Þú talar hægar eða ýkir framburðinn

„Haalllllllóóóóó. Ééggg hheeiiiiiii Aaaaannnnnnnaaaaa“. Gaman að kynnst þér, kjáni er það eina sem mér myndi detta í hug ef einhver talaði svona við mig. Svo myndi ég láta mig hverfa.

„Ó, ég skil þig svo vel. Ég held að ég sé líka með heyrnartap því ég á stundum erfitt með að skilja fólk. Þú veist eins og á tónleikum og svona“

Í alvöru? Þó þú eigir erfitt með að heyra talað mál í háværu umhverfi þá getur þú ekki borið þig saman við það að vera heyrnarlaus eða heyrnarskertur. Ég skil að fyrsta eðlishvöt heyrandi fólks sé að reyna að finna eitthvað sameiginlegt til að tengjast. Ég skil að samanburðurinn eigi að sýna einhvers konar skilning og stuðning. En því miður getur þetta valdið misskilningi. Þegar einhver reynir að segja þér að horfa beint á sig þegar þú talar vegna heyrnarleysis, þá þýðir það ekki að þú eigir að vita allt eða sýna einhvers konar samkennd. Viðkomandi vill bara skilja hvað þú ert að segja.

Þú spyrð hvernig þau fara í gegnum lífið með fötlunina.

Þau eru ekki fatlað fólk. Treystu mér. Spurðu þau bara. Hagaðu þér.

„Getur þú lesið af vörum? Flott. Getur þú sagt mér hvað þessi maður hinum megin er að segja?“

Að lesa af vörum er ekki ofurmáttur. Nei, ég get ekki sagt þér hvað þessi strákur er að segja. Það er nógu erfitt að vita hvað er í gangi í samskiptunum sem við eigum núna, takk. Hættu líka að vera snuðrari.

„Getur þú heyrt í mér ef ég held fyrir munninn?“

Ertu virkilega 5 ára? Þú ættir að biðja 5 ára börn afsökunar á að haga þér svona barnalega.

„Getur þú lesið af vörum fyrir mig?“

Hvað eru þau að segja? Segðu mér, segðu mér! Þú getur hlerað sjálfur. Þú lætur okkur bara velta fyrir okkur hvers vegna við lifum á þessari plánetu.

„Mér þykir það svo leitt. Að missa heyrn hlýtur að vera það versta sem getur komið fyrir í lífinu“

Ertu ekki að grínast? Það hefur vissulega kosti og galla en í raun og veru er það ekki svona slæmt. Svona athugasemdir fá mig til að líða eins og mér sé vorkennt og menningu heyrnarlausra hafnað. Ef þú ert að hugsa þetta, segðu það bara ekki. Gerðu það bara ekki.

„En þú ert með heyrnartæki“

Já, ég er með þau. Það er frábært og ég er glaður að nota þau en þau eru ekki kraftaverk. Þau lækna heyrnartapið mitt ekki skyndilega. Ég þarf enn að lesa af vörum eða nota tákmal til að skilja hvað fólk segir. Heyrnartækin segja mér að fólk er að tala, en það er eins og að grípa í skugga af orðum og ég þarf að fylla í eyður í setningu. Ef einhver er með heyrnartæki, gerðu ekki ráð fyrir að hann/hún geti heyrt.

„Ætlaðu að fá þér kuðungsgræðslu til að laga heyrnina?“

Þessi spurning er mjög algeng. Ég hef heyrt fólk tala um að kuðungsgræðsla sé kraftaverk þó það hafi þekkt mig í 3 mínútur. Ellen talaði um það sem kraftaverk í sjónvarpsþætti sínum að geta heyrt fugla tísta. Sú ákvörðun að fá kuðungsgræðslu er mjög stór og margir

þættir sem þú hefur líklega ekki heyrt um ef þú hefur ekki verið hluti af félagslífi heyrnarlausra. Fyrir mig er þessi spurning á hættusvæði og mjög persónuleg og flókin. Ef þú spyrð einhvern um kuðungs-ígræðsluna, vertu hugulsamur eða bíddu frekar þar til þú þekkir manneskjuna lengur til að taka þetta málefni upp.

„En þú hljómar ekki heyrnarlaus“

Þetta gerir mig brjáláðan. Þetta er ástæðan fyrir að ég tala ekki á almannaferi eins og í búðum. Fólk á erfitt með að skilja að þó ég hafi góða málhæfni þá þýðir það ekki að ég geti heyrt. Þetta lætur mér líða eins og ég þurfi að útskýra að ég sé ekki að hundsá afgreiðsluman eða eitthvað slíkt. Ég heyrir bara ekki í þér.

„Hvernig getur þú unnið ef þú heyrir ekki?“

Ertu virkilega að grínast? Spurðu heyrnarlausu hvað þau gera í lífinu og þú munt óska að þú hefðir ekki spurt að þessu.

Þú talar frekar við einhvern annan

Ef þú vilt tala við heyrnarlausu manneskju og þar er heyrandi við hliðina til að túlka, reyndu samt að hafa beint samskipti við heyrnarlausu manneskjuna. Ef það gengur ekki þá getur þú alltaf skrifað niður hvað þú vilt segja. Reyndu að hafa þau með í samskiptunum því þau vilja gjarnan vera þátttakendur eins og þú.

Þú þykist tala táknmál

Þetta er bara móðgun fyrir okkur. Hefur einhver séð þig tala á íslensku og segir ouunnun meme moo aðaðdöö við þig? Þú myndir pottþétt hugsa hver í ósköpunum þetta væri og reyna að koma þér úr aðstæðunum. Hugsaðu bara hvað við

hugsum þegar þú gerir svona við okkur.

Gleymdu þessu! eða: Ég segi þér seinna
Taktu þátt í samtalinu. Ef þú ert beðinn að endursegja eitthvað, endursegðu það. Þó þú þurfir að gera það í nokkrum sinnum, slakaðu á og gefðu þessu tíma þar til skilaboðin skiljast. Ef þú nennir þessu ekki, þá ertu virkilega að útiloka þau frá samskiptunum.

Vonandi hjálpar þetta þér að passa þig á því hvað þú segir eða hvernig þú talar við heyrnarlausu manneskju. Ef þú ert með efasemdir, reyndu bara að setja þig í spor þess heyrnarlausu. Þá veistu hvað gera skal.

FLJÚGANDI HENDUR

Eftir Gunnar Snæ Jónsson

Á Menningarnótt skipulagði Félag heyrnarlausra viðburð á Káratorgi, sem er hornið milli Frakkarastígs og Njálsgötu í miðbænum, og þemað var Fljúgandi hendur. Heyrnarlaust fólk bauð sig fram í sjálfsboðavinnu að kynna Íslendingum íslenskt táknmál og ríkídæmi þess. Einnig fóru þrjár manneskjur upp á svið og tóluðu saman á táknmáli í rúma klukkustund með fjölbreytilegum þemum til að kynna hvernig táknmál er talað með mismunandi tilfinningum. Sumir fóru einnig að kenna táknmál þar sem fólk átti að skrifa niður miða með ósk um hvaða tákn þau langaði að læra. Hulda María Halldórsdóttir og Kolbrún Völkudóttir fluttu söng- og ljóðlist á íslensku táknmáli og það komu margir að sjá þennan skemmtileg viðburð.



GLEÐIGANGAN 2008

Myndin var tekin í gleðigöngunni 2008 þar sem Miss Sunny kom fram, í glæsilegum rauðum kjól, ásamt öðrum þátttekendum fyrir hönd samtakanna HLDI'94.



DRAGDROTTNINGIN SEM FÆRÐI ÞJÓÐINNI GLEÐI OG KÆRLEIKA

Viðtal tók Gunnar Snær Jónsson

Fyrir 10 árum ákvað heyrnalaus samkynhneigður einstaklingur að prófa nýjan lífsstíl. Hann tók þátt í gleðigöngu Reykjavíkur sem dragdrottning að nafni Miss Sunny fyrir hönd heyrnalausra samkynhneigðra á Íslandi og tók einnig þátt í öðrum hátíðum í tilefni Hinsegin daganna. Mikið gleði og fögnuður var innan samfélagsins með þetta og vinsældir Miss Sunny miklar. En eftir gleðigönguna í fyrra ákvað hann að draga sig í hlé.

Hann heitir Guðbjörn Sigurgeirsson en allir kalla hann Bubba. Hann fæddist á Ströndum á Vestfjörðum en fór í Heyrnarleysingjaskóla í Reykjavík og ferðaðist á milli staðanna þegar hann var á grunnskólaaldri. Á þessum tíma var skortur á táknmálkennslu og þar sem fjölskylda hans bjó í sveit þá fengu þau ekki tækifæri til að læra íslenskt táknmál. Bubbi lærði að tala íslensku í barnæsku svo hann fór í Hlíðaskóla með heyrandi nemendum. Eftir grunnskólaprófið fór hann í kokkanám en fann sig ekki í því námi svo hann skipti yfir á nuddbraut. Síðan hefur hann unnið við fjölbreytileg störf eins og fiskvinnslu, í sláturhúsi, á skrifstofu, í leikskóla, á bar og einnig verið stuðningsfulltrúi fyrir fatlað fólk. Hann hefur því fjölbreytta starfsreynslu og prófað margt. Í dag vinnur hann hjá Ási styrktarfélagi þar sem m.a. er lögð áhersla á jöfn tækifæri og virðingu fyrir getu hvers einstaklings. Bubbi þjónustar þar fólk með þroskahömlun sem er á vinnumarkaði.

Innblástur frá annarri dragdrottningu

Hvernig vaknaði áhugi hans á dragi? Það gerðist árið 2004 þegar HLDI'94, sem eru samtök heyrnalausra lesbía og homma á Íslandi, hélt upp á 10 ára afmælið. Það komu margir útlendingar í heimsókn til að fagna afmælinu með Íslendingum. „Þar kynntist ég manni frá Þýskalandi að nafni Gunter og hann var þekkt heyrnalaus dragdrottning. Frá honum fékk ég innblástur því þetta var eitthvað nýtt og vakti forvitni mína. Ég fann að þetta var eitthvað sem passaði fyrir minn persónuleika og ég hef gaman af að leika” segir Bubbi. Þegar hann byrjaði í dragdrottningarhlutverkinu þá fann hann að það féll í góðan jarðveg hjá öðrum og fólk hafði

gaman af. „Það er ekki hægt að lýsa þeirri tilfinningu að koma fram sem dragdrottning og fá hrós og lof frá fólkinu. Þegar ég var kominn í búninginn og farðaður þá fann ég hversu góð áhrif það hafði á áhorfendur og það vakti bæði gleði og hlátur. Ég get alveg viðurkennt að ég var háður þessu því þessi gleði smitaðist í mig og ég tímdi ekki að sleppa þessu,” segir hann flissandi. Hann hafði tekið þátt í hátíð samkynhneigðra úti í Þýskalandi, Englandi, Sviss og Frakklandi en hann hafði aldrei tekið þátt í gleðigöngu nema hér á Íslandi fyrir hönd samtakanna.

Þó að Bubbi hafi fengið innblásturinn frá Þjóðverjanum þá var hin raunverulega fyrirmynd hin heimspekkta dragdrottning, Divine. Hún var frá Bandaríkjunum og hafði leikið og sungið í mörgum kvikmyndum á 9. áratugnum. Ursula úr Litlu hafmeyjunni var byggð á Divine en hann lést áður en hægt var að nota röddina í kvikmyndinni. Bubbi nefndi að Divine var með svipaðan líkamsvöxt og hann sjálfur. “Ég dáðist að rauðu kjólunum sem hann klæddi sig í Pink Flamingos og ég ákváð að fara í hans spor í gleðigöngunni hérlendis árið 2005. Hann gaf mér mikinn innblástur,” segir Bubbi. En hann var ekki kominn með nafn á persónuna sína á þessum tíma. „Ég man eftir einni konu sem hundskammaði mig fyrir að vera ekki með sérstakt nafn. Þá byrjaði ég að þæla og ég var oftast með ljósa hárkollu og datt í hug að kalla mig Miss Sunny. Þaðan kom nafnið.” Eftir þetta byrjaði fólk að muna eftir honum í gleðigöngunni og það kom honum svakalega á óvart þegar hann mætti á staðinn og allir byrjuðu að fagna með hendur upp á lofti sem er klapp í menningu heyrnalausra.




Ljósmynd: Gunnar Snær Jónsson



3



4



5

Ljósmynd: Gunnar Snær Jónsson



Ljósmynd: Jón Gunnar Jónsson

Það veitti honum mikla gleði.

Undirbúningur fyrir gleðigöngurnar

Hvernig skyldi undirbúningi fyrir gönguna vera háttað? Fyrsta verkefni hans fyrir hverja göngu var að finna þemu með ákveðnum lit regnbogans. Næsta mál á dagskrá var að finna bílstjóra og pallbíl. Fördunin var alls ekki fremst í forgangsröðinni. Svo komu bílamál næst þar sem hann þurfti að finna bílstjóra og pallbíl. „Það er mikil vinna að undirbúa sig fyrir-

Flestar dragdrottningar hafa tekið þátt í dragdrottningarkeppni á Íslandi sem er skipulögð af Samtökunum 78 á hverju ári rétt áður en gleðigöngur hefjast. „Ég hef aldrei tekið þátt í keppninu þó mér hafi oft verið boðið. Ég sá fyrir mér að þetta væri erfið vinna og mikill undirbúningur og ég treysti mér ekki alveg í það aukaálag með fullu starfi,” segir hann. Þátttakendur þurfa að mæta í nokkra tíma til undirbúnings og æfingu fyrir sýninguna áður en keppnin hefst. Hann hefur ekki heldur tekið þátt í

Þátttaka í ljósmyndatöku og sýningu

Bubbi hefur þó tekið þátt í sýningu og ljósmyndatöku fyrir listasýningu og tímari Hinsegin daga. Árið 2009 lagði listahópurinn Maddý í samvinnu við listahátíðina artFart til sýningar á hátíð Hinsegin daga. Þau vörpuðu sínu sérstaka ljósi á hinsegin veruleika líðandi stundar og spurðu ótal spurninga um eitt og annað sem leyndist bak við glimmer og gleði. Sýningin var ferðalag í stóru rými þar sem innsetningu og gjörningum, myndlist og

„ÞAÐ ER OFSALEGA ERFITT AÐ GANGA Í HÁHÆLUÐUM SKÓM..”

fram,” segir hann. Hann notaði ekki bara eigið hár þó hann væri með sítt hár heldur hárkollur líka. „Ég þurfti einnig að fara í vax, finna lit fyrir neglurnar og háhælaða skó en það fást ekki háhælaðir skór hér á Íslandi í karlmannsstærð. Það er ofsalega erfitt að ganga í háhæluðum skóm og það er ekki auðvelt þegar maður er þungur,” segir hann hlæjandi. Að setja upp fördun tók tæplega tvær klukkustundir. Bubbi nefnir kostnaðinn við þetta en hann var mikill. Mest greiddi hann úr eigin vasa, t.d vinnustundir hjá fatahönnuði sem sér-
saumaði á hann kjól. Eftir kreppuna var allt orðið dýrt á Íslandi. „Það er ekki ódýrt að klæða sig sem dragdrottning í dag.” Þó hann hafi borgað mest sjálfur þá fékk hann stundum smá styrk frá nefndinni sinni, HLDI'94.

keppni í útlöndum enda finnst honum slík keppni ekki vera mikilvæg fyrir sig.

Bubbi hefur tekið þátt í gleðigöngum á Íslandi frá upphafi, en á árinu 2005 byrjaði hann að klæða sig sem dragdrottning til gamans. Þegar ég ræddi við hann um gönguna og spurði hvort hann ætti einhverja sérstaka eftirminnilega, skemmtilega stund, kinkaði hann kalli. „Allar gleðigöngurnar voru skemmtilegar og ég á góðar minningar frá þeim öllum. Ég myndi þó segja að árið 2013 hafi verið sú besta þar sem kjöllinn minn skartaði regnbogalitunum sem er tákn fyrir réttindi samkynhneigðra. Þetta var þýðingarmikið fyrir mig.”

leiklist var splæst saman í bragðmikinn graut. Þar var Bubba boðið að stilla sér upp sem manneskju í fördunarherbergi að klæða sig í kjól og sitja fyrir framan spegil og mála sig. Sýnt var í Austurbæ við Snorrabraut og fullt af áhorfendum kom að sjá þessa listrænu sýningu. „Mér var boðið að sýna frá upphafi til enda hvernig persóna breytist í dragdrottningu. Fólk fær aldrei tækifæri til að sjá hvað gerist í undirbúningnum.” Auk þess kom nemandi frá Listaháskóla Íslands og það um að fá að taka ljósmyndir af honum sem dragdrottningu fyrir tímarti Hinsegin daga. .

En í dag hefur Bubbi tekið ákvörðun að leggja Miss Sunny í kistuna og draga sig í hlé. „Ég er orðinn þreyttur á hversu



6

Ljósmynd: Hanna Kristín Jónsdóttir



Ljósmynd: Sigríður B. Vilhjámsdóttir



8

Ljósmynd: Oliver Somms



9

Ljósmynd: Gunnar Snær Jónsson



10

Ljósmynd: Ólafur Kr. Ólafsson

miklir peningar fóru í þetta og þátt-takendum úr nefndinni hefur fækkað með árunum. Ég var farin að finna fyrir minni spennu að koma fram aleinn í göngunni." Hann segir aldrei að vita hvort hann muni snúa aftur í næstu gleðigöngu. „Ef einhver myndi lokka mig nógu mikið til að taka þátt aftur þá er það líklegt, en maður veit bara aldrei hvað gerist í framtíðinni," segir hann brosandí.

Þó Bubbi hafi tekið ákvörðun um að draga sig í hlé sem Miss Sunny þá hættir hann ekki að mæta í gönguna og styðja málefni samkynhneigðra á Íslandi.

12



Ljósmynd: Ólafur Kr. Ólafsson

GLEÐIGÖNGUR Í REYKAJVÍK

(1) Bubbi í heimabæ sínum, Hólmavík. (2) Hann tók þátt sem dragdrottning í fyrsta sinn án nafns árið 2005. (3) Þessi kjóll er svipaður og kjóll Divine úr myndinni Pink Flamingos. (4) Miss Sunny varð enn glæsilegri árið 2007. (5) Meðlimir úr HLDI'94 tóku þátt með Miss Sunny í gleðigöngunni árið 2008. (6) Gleðigangan með Gunnari. (7) Þetta árið var appelsínugult þema. (8) Miss Sunny í glæsilegum hvítum kjól með dökka hárkollu árið 2012. (9) Uppáhaldskjóll Miss Sunny. (10) Í fyrra tók tók Miss Sunny þátt með 15 konum í karlmansfötum. (11) Þarna var Miss Sunny í svörtum kjól með pífum í regnbogalítum. (12) Miss Sunny kastar kveðju á gesti.



Ljósmynd: Gunnar Snær Jónsson

Frá vinstri: Pernille
Forsberg Vogt, Elsa G.
Björnsdóttir, Halldór
Ólafsson, Hanna Kristín
Jónsdóttir, Kolbrún
Völkudóttir og Gunnar
Már Ólafsson

ÞJÓÐVEGURINN

Eftir Elsu G. Björnsdóttur

Saga þessarar stuttmyndar hófst árið 2008 þegar Draumasmiðjan efndi til handritasamkeppni fyrir leikrit á sviði. Þjóðvegurinn var eitt af þeim handritum sem barst í keppnina og sat svo í mér að ég ræddi við höfundinn, Hjördís Önnu Haraldsdóttur, og sagði henni að mig langaði að gera stuttmynd eftir þessu handriti því það hentaði svo vel sem þannig verkefni. Hún þróaði hugmyndina þá aðeins áfram fyrir kvikmyndaútgáfu í stað leikrits.

Árin liðu og aldrei gafst gott tækifæri til að halda áfram með hugmyndina. Haustið 2013 kom svo Mási (Gunnar Már Ólafsson) að tali við mig og langaði að gera eitthvað verkefni með mér. Ég var snögg að draga hugmyndina að Þjóðveginum upp og bera undir hann. Mási varð líka hrifinn af hugmyndinni og það endaði með að við ræddum við Hjördís um að kýla nú á þetta verkefni. Hún var snögg að gefa grænt ljós og við fórum strax að undirbúa.

Fyrst þurfti að klára handritið og við fórum því í eins konar „hraðskrif“ þar sem við hentum inn ólíkum textum og púsluðum að lokum í eitt heildstætt handrit. Þannig varð að við þrjú saman urðum samhöfundar og samframleiðendur stuttmyndarinnar.

Þjóðvegurinn er um systkini og vinkonu sem fara hringinn í kringum Ísland á gömlum rauðum bíl. Ást, ofbeldi og veikindi eru leyndarmál sem þau burðast með hvert um sig og á ferðalagi sínu á þjóðveginum kljást þau við þetta allt. Ná þau að treysta hvert öðru fyrir vandamálum sínum eða þegja þau yfir þeim áfram?

Handritið tengist menningu döff ekki að neinu leyti nema þá einungis á þann hátt að hugmyndin fæddist hjá döff einstakl-

ingi, er framleidd af döff, upptakan fór fram með döff og klippingin öll unnin af döff og allir leikarar og framleiðendur eru döff. Þannig skilar menning döff sér inn í myndina; í gegnum tungumálið okkar íslenska táknmálið og í gegnum viðhorf okkar og augu sem mótuðum þessa mynd saman.

Þegar tölur hófust þá gat Hjördís ekki leikið því hún hafði ekki tíma til að ferðast hringinn í kringum landið í tökunum. Við ætluðum nefnilega upphaflega að vera þrjú saman í að skrifa, framleiða, leika og leikstýra okkur sjálf. En það endaði með að Hanna (Hanna Kristín Jónsdóttir) hoppaði inn í hlutverkið hennar Hjördísar á síðustu stundu og hennar aðkoma að myndinni sem skrifa, breytist í að verða leikkona í fyrsta skipti á ævinni. Þannig varð úr að það urðu fjórir framleiðendur því Hanna kom inn í allt ferlið með okkur fyrir utan að leikstýra ekki né skrifa handritið enda að fóta sig í splunkunýju stóru verkefni sem leikkona og meðframleiðandi.

Budgetið (peningarnir sem lagðir voru fram) í myndinni var ekkert. Við stóðum sjálf undir öllum kostnaði við að redda búningum, bensíni, gistingu í kringum landið og props (leikmunum). Þar sem peningurinn var enginn til að eyða í lúxushluti eins og ljós, hljóðupptökutæki, auka hluti fyrir cameruna sem og ferðakostnað og annað fyrir stuttmyndina, þá varð fólkið í kringum myndina að vera ansi hugmyndaframt til að hún gæti orðið að veruleika. Ég á sem betur fer mjög fína cameru í svona verkefni þó aukahlutirnir væru ekki stórir og margir þá skipti það sköpum fyrir myndina. Ég tók svo að mér að klippa myndina saman í lokin því ég hef aðgang að klippiforriti og menntun mín frá Kvikmyndaskóla Íslands kom sér

vel þar.

Upptökurnar voru aðallega í höndum Pernille (Pernille Forsberg Vogt) og gengu ótrúlega vel þó þetta væri frumraun Pernille á þessu sviði. Ferðalagið í kringum landið gekk líka ótrúlega vel og hópurinn mjög samtaka og samvinnan frábær. Við vorum mjög heppin að fá inni hjá frábæru fólki í ókeypis gistingu á ferðalaginu og nutum ferðarinnar mjög vel þrátt fyrir mikla vinnu.

Aðeins eitt vandamál hrjáir þessa mynd og það er hljóðið og hljóðvinnslan í kringum hana. Vandamálið er helst það að peningurinn er enginn og því getum við ekki ráðið góðan hljóðmann í að klippa hljóðið inn í myndina.

Ég er svo heppin að vera gift frábærum manni sem líka er tæknigúru og tónlistarmaður en hann er í hljómsveit sem er að semja tónlist fyrir myndina núna og svo ætlar Bragi minn (Bragi Bragason) að hljóðvinna myndina. Þar sem hann er önnur kafinn og vinnur mjög mikið þá tekur þetta langan tíma. Við vonumst þó til að klára allt og gera myndina tilbúna til að senda út á hátíðir snemma á þessu ári. Ætlunin er að senda myndina á allar þær kvikmyndaátíðir döff sem eru í gangi um allan heim um leið og hljóðvinnslan er klár! Hvenær það verður veit ég ekki og þori ekki að segja til um. Við sem betur fer tókum samt þá ákvörðun að sýna hana alveg hljóðlaus á degi döff í haust við mjög góðar undirtektir.

Peningar skipta ekki öllu máli þó þeir hefðu að sjálfsgöðu gert allt ferlið mun auðveldara. Þessi mynd sýnir að með góðri samvinnu og brennandi áhuga þá er allt hægt. Myndin sýnir og sannar hversu lítið land Ísland er og að hér býr virkilega hæfileikaríkt fólk í ótrúlega fallegu landi.



STYTTRI FERÐALÖG LENGRI FAÐMLÖG

Biðin virkar endalaus ef faðm lagið þitt er lengi á leiðinni.
Við hjá Flugfélagi Íslands mælum með því að stytta
ferðalagið og lengja faðm lagið. **Taktu flugið.**

flugfelag.is



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

SIGNGRAM

GRUNNUR AÐ MÁLFRAEÐIHANDBÓK FYRIR TÁKNMÁL

Eftir Annika Herrmann og Markus Steinbach



Ljósmyndir: Jette Kristoffersen

Inngangur

Rannsóknir á málfræði tákn mála hafa þróast í mörgum skrefum og náð miklum þroska frá því að tímamótaverk Stokoes (1960) leit dagsins ljós. Þetta má ekki aðeins sjá í fjölda birtinga í fræðilegum og hagnýtum málvísindum heldur einnig í þróun nýrra rannsóknarsviða og aukinni alþjóðlegri samvinnu.

Á fyrsta skeiði tákn málsrannsókna frá 1960 til 1980 var megináhersla lögð á að afsanna þá ranghugmynd að tákn máli væru ekki fullgild tungumál á sama hátt og raddmál. Á þeim tíma snerust tákn málsrannsóknir aðallega um að lýsa grunnatriðum í málfræðilegri uppbyggingu tákn mála. Markmiðið var að sýna að tákn máli væru greinilega frábrugðin líkamshreyfingum en jafnframt ótrúlega lík raddmálum í málkerfi sínu. Rannsóknirnar beindust nær eingöngu að nokkrum tákn málum á Vesturlöndum og ameríska tákn málið (ASL) var þar fremst í flokki.

Á næsta skeiði tákn málsrannsókna frá 1980 til 1995 fluttist áherslan yfir á þau áhrif sem ólíkur miðlunarháttur radd mála og tákn mála hefur á málkerfið. Til viðbótar við rannsóknir á algildum lög málum sem eru óháð miðlunarhætti var nú farið að kanna þann mun á raddmálum og tákn málum sem stafar af því að raddmál byggjast á heyrn og rödd en tákn máli byggjast á sjón og líkamshreyfingum

(sjá Meier 2002 og Aronoff o.fl. 2005). Þá færðist þungamiðja rannsóknanna yfir á margvísleg málfræðileg fyrirbæri sem rannsökuð voru innan kenningakerfa eins og hugrænna málvísinda, virknimálfræði og málkunnáttufræði. Auk þess voru tákn máli í auknum mæli rannsökuð í sálfræðilegum málvísindum og tauga-málvísindum. Síðan þá hafa fjölmargar rannsóknir verið birtar sem snúast um tákn máli frá sjónarhóli fræðilegra málvísinda eða tilraunamálvísinda.

Á þriðja skeiði tákn málsrannsókna, sem hófst á 10. áratug síðustu aldar, hljóp mikill vöxtur í viðfangsefni rannsóknanna. Aukinn áhugi á málgerðarfræði tákn mála varð til þess að sérstök áhersla var lögð á breytileika milli tákn mála og lýsingu og greiningu á tákn málum utan Vesturlanda (sjá Zeshan 2004a og b; Perniss o.fl. 2007). Þar beindist kastljósið m.a. að svonefndum þorpstákn málum en þau eru notuð í fremur litlum og einangruðum málsamfélögum þar sem arfgeng heyrnarskerðing er algeng (Nyst 2012). Einnig var lögð áhersla á smíði stórra markaðra gagnagrunna og samsvarandi vélvinnslu tákn mála (sbr. gagnagrunninn fyrir ástralska tákn málið (Auslan), <http://www.auslan.org.au/about/corpus/> og gagnagrunnsverkefnið fyrir þýska tákn málið, www.sign-lang.uni-hamburg.de/dgs-korpus/). Önnur mikilvæg rannsóknarefni í tákn málsfræðum nú á dögum eru svonefnd látbrigði, formgerð

texta, samspilið milli máls og líkams-hreyfinga, málfélagsfræði og máltaka.

Tákn málsrannsóknir eru nú að öllu leyti orðnar órjúfanlegur hluti af rannsókn-um í almennum málvísindum. Þetta sést m.a. af því að ýmsar greinar um tákn máli hafa verið birtar í málfræðitímaritum og handbókum um tiltekin málfræðileg fyrirbæri (sjá t.d. Sandler & Lillo-Martin 2001; Corina & Knapp 2006; Wilcox & Wilcox 2010; Pfau & Steinbach 2001 og Herrmann & Steinbach 2013). Þá eru gefin út tvö alþjóðleg tímarit um tákn máli, Sign Language Studies og Sign Language & Linguistics, auk fjölda handbóka um tákn málsfræði en þau eru glæsilegur vitnisburður um stöðu tákn málsrannsókna.

En þrátt fyrir alla þessa framþróun vantar enn ýtarlegar lýsingar á málkerfi tákn mála þótt mörg inngangsrít um einstök tákn máli hafi verið samin og nákvæmar rannsóknir hafi verið gerðar á margvíslegum fyrirbærum, t.d. handformum, áttbeygðum sögnum, notkun tákn rýmisins, myndlíkingum eða hljómfalli sem táknnað er með látbrigðum. Að þessu leyti munar miklu á raddmálum og tákn málum. Tákn málsfræði samtímans búa því ekki að neinni hefð um grunnlýsingu á málkerfinu. Slík hefð er mikilvæg, ekki aðeins fyrir samanburðar-rannsóknir, þróun málfræðikenninga og tilrauna í málfræðirannsóknum, heldur einnig fyrir kennslu, mat á málkunnáttu, túlkapjálfun og skráningu og varðveislu þeirra einstæðu menningarverðmæta sem felast í tákn málum.

Umsóknarlönd Önnur þáttökulönd

Þýskaland	Argentína
Frakkland	Ástralía
Grikkland	Danmörk
Ítalía	Bretland
Holland	Ísland
Pólland	Noregur
Spánn	Austurríki
	Tyrkland

COST-verkefnið SignGram - Að varpa ljósi á málkerfi evrópskra tákn mála: leiðir til fullrar þátttöku heyrnarlaurá í samfélaginu og varðveislu á málarfleifð

þeirra er fyrsta skrefið til að takast á við þetta vandamál með því skilgreina staðla til að setja saman handbók um táknmál. Innan þessa verkefnis er lagður grunnur að málfræðihandbók fyrir táknmál sem samræmist kröfum nútímamálvísinda og mætir þeim áskorunum sem miðlunarháttur táknmála felur í sér. Í eftirfarandi kafla er stutt yfirlit um þetta verkefni.

COST-verkefnið SignGram

Árið 2010 sótti hópur málfræðinga um styrk til rannsóknarverkefnis á vegum European Cooperation in Science and Technology (COST), samstarfsvettvangs Evrópulanda í vísindum og tæknirannsóknum. Í hópnum voru málfræðingar frá sjö Evrópuríkjum og honum stýrði Josep Quer frá Háskólanum Pompeu Fabra í Barcelona. Markmiðið var að leggja grunn að handbók um táknmál. Verkefnið hlaut styrk í árslok 2010 og átti að standa í fjögur ár. Það hófst um mitt ár 2011 og eftir það bættust átta lönd í hópinn. Fræðimenn frá 15 löndum vinna því saman í þessu verkefni (sjá mynd 1). Þótt Argentína og Ástralía séu ekki aðilar að COST geta þessi lönd lagt sitt af mörkum í COST-verkefnum í krafti sérstaks samstarfssamnings.

COST-verkefni skiptast í ný mismunandi vísindasvið en meginmarkmiðið er að fjármagna netverk fræðimanna og gefa ungum fræðimönnum ný tækifæri. Í verkefninu eru reglulegir fundir sem haldnir eru í einu af þáttökulöndunum, stuttar rannsóknarferðir sem gera fræðimönnum kleift að vinna saman að viðfangsefnum sem tengjast verkefninu (Short Term Scientific Missions, STSM), sumar-skólar fyrir unga fræðimenn og reglulegar vísindaráðstefnur. Sem hluti af COST-verkefninu SignGram var ráðstefnunni Formal and Experimental Advances in Sign Language Theory (FEAST) komið á fót. SignGram fellur undir vísindasvið sem nefnist Einstaklingar, þjóðfélög, menning og heilsa (Individuals, Societies, Cultures and Health). Markmið COST-verkefnisins eru dregin saman í eftirfarandi minnisblaði:

„Málstefna fyrir heyrnarlausu Evrópubúa byggist á traustum málfræðihandbókum um þau táknmál sem þeir nota en slíkar bækur eru yfirleitt ekki til eða hafa takmarkað notagildi. Málfræðihandbækur eru lykillinn að kennslu og þjálfun í táknmálum. Þar að auki eru slíkar handbækur nauðsynlegar til að skrásetja þann menningararf sem býr í táknmálum í Evrópu og hefur ekki hlotið þá viðurkenningu sem vert væri. Bækur um málfræði táknmála sem eru aðgengilegar táknmálssamfélögum, embættismönnum

og stjórnmalámönnum, málfræðingum og almenningi mun styrkja stöðu táknmála og efla þátttöku táknmálsnotenda í samfélaginu. Þá mun aukin þekking á málkerfi táknmála, sem byggð er á traustum fræðilegum forsendum og samanburði tungumála, stuðla að auknum skilningi fræðimanna á hæfni mannsins til að læra tungumál þar sem sá skilningur er að langmestu leyti byggður á raddmálum. Þannig munu niðurstöður rannsókna á táknmálum skipta máli fyrir mörg svið hugvísinda. Markmið þessa COST-verkefnis er að þróa fyrsta evrópska netverkið til að leggja grunn að bráðnaudsýnlegum handbókum um málkerfi evrópskra táknmála (sjá http://www.cost.eu/domains_actions/isch/Actions/IS1006).“

SignGram-verkefninu er ætlað að búa til almennan málfræðigrunn sem gerir fræðimönnum kleift að semja málfræðihandbók um þau táknmál sem þeir kunna. Þessar handbækur eiga að veita mikilvægar upplýsingar sem nýtast við rannsóknir á einstökum táknmálum og samanburð á ólíkum táknmálum sem og samanburð milli táknmála og raddmála.

Notendur þessara handbóka, heyrandi jafnt sem heyrnarlausir, munu þar að auki geta fengið án mikillar fyrirhafnar ýtarlegar upplýsingar um einstök táknmál, hvort sem þeir hafa áhuga á táknmálskennslu eða fræðilegan áhuga á tilteknum táknmálum eða táknmálum almennt. Allar handbækurnar þurfa því að vera til á a.m.k. þremur málum: táknmálinu sem fjallað er um, nágrannaraddmálinu (t.d. íslensku táknmáli og íslensku) og ensku.

Grunnur að málfræðihandbókum

Málfræðigrunnurinn sem er búinn til í SignGram-verkefninu skiptist í fjóra hluta:

- Efnisyfirlit sem jafnframt er ýtarlegur gátlisti um allar þær málfræðiformdeildir, þætti og málfræðileg fyrirbæri sem ættu að vera til umfjöllunar í ýtarlegri handbók um tiltekið táknmál.

- Leiðarvísir sem veitir mikilvægar bakgrunnsupplýsingar um málfræðiformdeildir, þætti og málfræðifyrribæri og útskýrir hvernig þau birtast í málfræðihandbókinni. Þá eru stuttar lýsingar á



hverju málfræðifyrirkæri, skýringadæmi úr táknmálum og raddmálum, fyrirvarar sem hafa ber í huga í mállýsingunni og stutt heimildaskrá.

- Orðskýringar sem útskýra stuttlega mikilvægustu málfræðiatríðin og tengja þau við samsvarandi kafla í leiðarvísunum.

- Safn af prófgögnum sem eiga að hjálpa þeim sem semur málfræðihandbók um tiltekið táknmál að safna dæmum úr því táknmáli.

Að málfræðigrunninum vinna fjórir hópar í COST-verkefninu en hver hópur fæst við ólík svið málkerfisins. Vinnuhóparnir fjórir fá stuðning frá sérstökum samþættingarhópi en hann skipuleggur regluleg málþing, stuttar rannsóknarferðir, ráðstefnuna FEAST og samskipti við yfirstjórn COST.

Skipulag og vinnuhópar í SignGram Stjórnun:

Formaður: Josep Quer (Barcelona)
Varaformaður: Carlo Cecchetto (Mílanó)
Ritari: Gemma Barberà (Barcelona/París)
Umsjónarmaður rannsóknarferða:
Meltem Kelepir (Istanbul)

Vinnuhópar:

Vinnuhópur 1

Hljóðkerfisfræði,

Orðhlutafræði og orðasafn

Umsjón: Roland Pfau (Amsterdam)

Vinnuhópur 2

Setningafræði

Umsjón: Caterina Donati (París)

Vinnuhópur 3

Merkingarfræði og málnotkunarfræði

Umsjón: Markus Steinbach
(Göttingen)

Vinnuhópur 4

Aðferðafræði og hönnun mállýsingar

Umsjón: Carlo Geraci (París)

Málfræðigrunnurinn á að bæta sjónarhorni málnotkunar (í vinnuhópi 3) við hefðbundnar mállýsingar sem byggjast á formlegum einkennum tungumálsins og hópar 1 og 2 vinna við. Málfræðileg fyrirbæri eru því ekki aðeins skilgreind út frá forminu heldur einnig með hliðsjón af hlutverki sínu (cf. Matthewson 2004 and 2006). Til viðbótar við hin hefðbundnu svið málkerfisins, þ.e. hljóðkerfisfræði, orðhlutafræði, orðasafn, setningafræði, merkingarfræði og málnotkunarfræði, mun málfræðigrunnurinn fjalla um aðferðafræðileg vandamál en þau eru stuttlega rædd hér að neðan (vinnuhópur 4). Saman

munu hóparnir fjórir sjá til þess að málfræðigrunnurinn stuðli að því að söfnun, skráning og greining á táknmálum verði í samræmi við nýjustu kröfur í málvísindum.

Til viðbótar við almenna sögulega og málfélagslega þætti vinnur hópur 1 að nákvæmri lýsingu á orðasafni táknmála (orðflokkar, innlend kjarnaorð og að-komuorð), hljóðkerfisfræði (tengsl merkingarlausra eininga, hljóðkerfisreglur og hljómfall) og orðhlutafræði (sagnbeyging, nafnorðabeyging, afleiðsla og samsetning). Vinnuhópur 2 fæst við setningafræðilega formgerð, þar á meðal einfaldar setningar og setningaliði, málfræðihlutverk (t.d. frumlag og andlag), orðaröð, ólíkar setningagerðir, undirskipun og hliðskipun. Vinnuhópur 3 bætir við lýsingar á merkingu og notkun þeirra málfræðiatríði sem vinnuhópar 1 og 2 fást við (t.d. tíð, horf, rökformgerð, neitun, setningagerðir og undirskipun). Þá er merking og formgerð texta mikilvægt viðfangsefni í þessum vinnuhópi (t.d. tilvísun, binding, upplýsingaskipan, myndlíkingar og tjáskipti).

Fjórdi vinnuhópurinn sinnir aðferðafræði og samþættingu allra þeirra málfræðiatríða sem snerta hina vinnuhópana og þar að auki viðburðum eins og FEAST-ráðstefnunni og sumarskólunum og stuttu rannsóknarferðunum. Auk prófgagnanna sem nefnd voru hér áðan snúast aðferðafræðileg álitamál einkum um sameiginlega staðla varðandi efnisyfirlitið og leiðarvísinn, þar á meðal byggingu einstakra kafla og stíll (og fræðileg dýpt) lýsingarinnar á tilteknum málfræðilegum fyrirbærum. Annar mikilvægur þáttur snertir útgáfuna og væntanlega útfærslu á málfræðigrunninum í opnum aðgangi á netinu. Þetta felur ekki aðeins í sér málfræðigrunninn sjálfan heldur einnig málfræðihandbækurnar sem byggjast á grunninum. Höfundar málfræðihandbókanna munu því geta sett mállýsinguna beint inn í tiltekinn verkvang á netinu í samræmi við sameiginlegan staðal (sjá t.d. GALOES Online Grammar Tool, www.galoes.org/home). Reyndar er eitt af langtímamarkmiðum þessa COST-verkefnis að búa til verkvang á netinu fyrir táknmálslýsingar á mörgum tungumálum sem fylgja almennum stöðlum og eru öllum aðgengilegar án endurgjalds. Hins vegar er ekki mögulegt í þessu COST-verkefni að vinna jafn flókið og tímafrekt verk eins og að útfæra málfræðigrunninum á þennan hátt eða semja málfræðihandbækur um tiltekin táknmál.

Viðbótarupplýsingar

Á vefsíðunni www.signgram.eu er að finna frekari upplýsingar um SignGram. Vefsíðan veitir upplýsingar um markmið, þátttakendur, málþing, ráðstefnur og sumarskóla.

Í júní 2014 fór þriðja FEAST-ráðstefnan fram í Háskólanum í Fenejum (sjá virgo.unive.it/venicefeast). Ráðstefnurit fyrir aðra FEAST-ráðstefnuna, sem fram fór í Varsjá 2012, var gefið út (sjá Rutkowski 2013). Á undan þriðju FEAST-ráðstefnunni var haldinn þriggja daga sumarskóli á vegum SignGram í Fenejum en þar var boðið upp á námskeið í hljóðkerfisfræði, orðhlutafræði, setningafræði og merkingarfræði táknmála. Að lokum er rétt að benda á að málfræði-grunnurinn verður kynntur á alþjóðlegri lokaráðstefnu verkefnisins í Barcelona vorið 2015. Upplýsingar um hana verða birtar á vefsíðu verkefnisins.

Heimildir

- Aronoff, Marc, Irit Meir & Wendy Sandler (2005): *The Paradox of Sign Language Morphology*. Language 81, 301-344.
- Brentari, Diane (2010): *Sign Languages*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Corina, David P. & Heather P. Knapp (2006): *Psycholinguistic and Neurolinguistic Perspectives of Sign Language*. Matthew J. Traxler & Morton A. Gernsbacher (ritstj.), *Handbook of Psycholinguistics*. Amsterdam: Elsevier, 1001-1024.
- Eichmann, Hanna, Marije Hansen & Jens Heßmann (ritstj.) (2012): *Handbuch Deutsche Gebärdensprache. Sprachwissenschaftliche und anwendungsbezogene Perspektiven*. Hamburg: Signum.
- Herrmann, Annika & Markus Steinbach (2013): *Satztypen in Gebärdensprache*. Hans Altmann, Jörg Meibauer & Markus Steinbach (ritstj.), *Satztypen des Deutschen*. Berlin: de Gruyter, 786-814
- Marschark, Marc & Patricia E. Spencer (2003): *Oxford Handbook of Deaf Studies, Language, and Education*. Vol. 1. Oxford: Oxford University Press.
- Marschark, Marc & Patricia E. Spencer (2010): *Oxford Handbook of Deaf Studies, Language, and Education*. Vol. 2. Oxford: Oxford University Press.
- Matthewson, Lisa (2004): *On the Methodology of Semantic Fieldwork*. *International Journal of American Linguistics* 70, 369-415.
- Matthewson, Lisa (2006): *Temporal Semantics in a Superficially Tenseless Language*. *Linguistics and Philosophy* 29, 673-713.
- Meier, Richard P. (2002): *Why Different, why the Same? Explaining Effects and Non-Effects of Modality upon Linguistic Structure in Sign and Speech*. Richard P. Meier o.fl. (ritstj.), *Modality and Structure in Signed and Spoken Languages*. Cambridge: Cambridge University Press, 1-25.
- Nyst, Viktoria (2012): *Shared Sign Languages*. Roland Pfau o.fl. (ritstj.), *Sign Language. Handbooks of Linguistics and Communication Science (HSK)*. Berlin: Mouton de Gruyter, 552-574.
- Pernis, Pamela, Roland Pfau & Markus Steinbach (2007): *Can't you See the Difference. Sources of Variation in Sign Language Structure*. Pamela Pernis o.fl. (ritstj.), *Visible Variation. Comparative Studies on Sign Language Structure*. Berlin: Mouton de Gruyter, 1-34.
- Pfau, Roland & Markus Steinbach (2011): *Grammaticalization in Sign Languages*. Bernd Heine & Heiko Narrog (ritstj.), *The Oxford Handbook of Grammaticalization*. Oxford: Oxford University Press, 681-693.
- Pfau, Roland, Markus Steinbach & Bencie Woll (ritstj.) (2012): *Sign Language. Handbooks of Linguistics and Communication Science (HSK)*. Berlin: Mouton de Gruyter.
- Rutkowski, Pawel (2013): *Sign Language Syntax from a Formal Perspective*. *Special Issue of Sign Language & Linguistics* 16.2.
- Sandler, Wendy & Diane Lillo-Martin (2001): *Natural Sign Languages*. Marc Aronoff & Janie Rees-Miller (ritstj.), *The Handbook of Linguistics*. Oxford: Blackwell, 533-562.
- Sandler, Wendy & Diane Lillo-Martin (2006): *Sign Language and Linguistic Universals*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Stokoe, William C. (1960): *Sign Language Structure. An Outline of the Visual Communication System of the American Deaf*. *Studies in Linguistics Occasional Papers* 8. Buffalo: University of Buffalo Press.
- Wilcox, Sherman & Phyllis P. Wilcox (2010): *The Analysis of Signed Languages*. In: Bernd Heine & Heiko Narrog (ritstj.), *The Oxford Handbook of Linguistic Analysis*. Oxford: Oxford University Press, 739-760.
- Zeshan, Ulrike (2004a): *Interrogative Constructions in Signed Languages: Cross-linguistic Perspectives*. *Language* 80, 7-39.
- Zeshan, Ulrike (2004b): *Hand, Head, and Face: Negative Constructions in Sign Languages*. *Linguistic Typology* 8, 1-58.

Netiður

COST: <http://www.cost.eu>

COST SignGram: www.signgram.eu

FEAST-ráðstefnan í Fenejum 2014: <http://virgo.unive.it/venicefeast/>

GALOES-málfræðitól á netinu: <http://www.galoes.org/home>

DGS-gagnagrunnsverkefnið í Hamborg: <http://www.sign-lang.uni-hamburg.de/dgs-korpus>

Höfundar

Annika Herrmann og Markus Steinbach
Seminar für Deutsche Philologie
Georg-August-Universität Göttingen
37073 Göttingen

Íslensk þýðing: Jóhannes Gísli Jónsson
Netfang SignGram-verkefnisins: is1006@upf.edu



INGÖNGU SÉRVALIÐ HRÁEFNI

PREMIUM

PIZZUR

Premium pizzur Domino's verða til þegar pizzubakararnir okkar fara fram úr sjálfum sér, í jákvæðum skilningi, svo úr verða framúrskarandi pizzur. Við fengum listakokkinn **Hrefnu Sætran** til samstarfs og hún töfraði fram tvær af Premium pizzum okkar, Americana og Prima.

Prófaðu Premium pizzurnar okkar, þær gera góðan matsæðil okkar enn fjölbreyttari.

NÝTT

AMERICANA ★ MEAT DELIGHT ★ ELDÓRADÓ ★ PRIMA



Laukur, rauðlaukur, hægeldað kryddlegið svínakjöt (pulled pork), beikonkurl og cheddarostur, toppuð með BBQ sósu.

Samsett af

Hrefnu Sætran



Úrvals beikonsneiðar, sérvalin steikarpylsa, rjómaostur, piparostur og chiliflögur.



Hvítlaukspizzubotn, hvítlauskolía í stað pizzusósu, rjómaostur, úrvals beikonsneiðar, pepperoni, jalapeno og chiliflögur. Þessi rífur aðeins í.



Pepperoni, safaríkir kirsuberjatómatar, ferskur mozzarella, úrvals beikonsneiðar, basilpestó og svartur pipar.

Samsett af

Hrefnu Sætran



WWW.DOMINOS.IS

DOMINO'S APP

SÍMI 58 12345



DÖFFMÓT 2014

Eftir Huldu Maríu Halldórsdóttur



LJÓSMYND EFTIR ARTURAS KUKLIS

Það er orðin árleg hefð hjá okkur döffurum að fara á Döffmót. Sumarið 2014 var Döffmótið haldið í tíunda sinn og var það haldið í Vestmannaeyjum. Döffmótið var skipulagt af 7 manna undirbúningsnefnd. Við hittumst reglulega og skiptum verkefnum á milli okkar. Mikið var rætt um hvaða helgi væri best og valið var mjög erfitt. Fyrri slysi völdum við sömu helgi og fótboldamót í Eyjum var. Það gekk þó vel og fyrir utan erfiðleikana við að kaupa miða í bátinn með bílana þá höfðum við hús og tjaldsvæðið útaf fyrir okkur.

Samtals mættu 100 manns á Döffmótið í Vestmannaeyjum. Við vorum mjög heppin með veður, sól og logn alla helgina. Sumir urðu þó fyrir því óláni að lenda í rigningarveðri eld-

sнемma á mánudagsmorgninum. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg. Margir fengu að kynnst menningu Eyjamanna og fóru að spranga. Síðan var farið á byggðasafnið og voru tveir túlkar á staðnum. Eftir safnferðina fóru margir í mjög skemmtilega og eftirminnilega RIB-safarí bátsferð kringum eyjuna og voru einnig túlkar í bátum sem túlkuðu sögur um klettana sem leiðsögumaður sagði í ferðinni.

Í ár sitja 4 gamlir og 2 nýir í nefndinni og erum við byrjuð að leita að nýjum stöðum til að halda Döffmót árin 2015 og 2016. Það er mikill heiður að vera hluti af nefndinni sem skipuleggur þetta árlega mót hjá okkur döffurum.





LJÓSMYND EFTIR ARTURAS KUKLIS

Til hamingju með 55 ára afmælið!

Hvað sem verður... þá er betra að vera í hópi ánægðra viðskiptavina TM.

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN // Síðumúla 24 // 108 Reykjavík
Sími 515 2000 // tm@tm.is // www.tm.is



HUGLEIÐING UM DÖFFMENNTUN Á ÍSLANDI

Eftir Sigríði Völu
Jóhannsdóttur

Myndskreyting: Robert Wilkinson



Markmið þessarar greinar er að hugleiða gæði menntunar fyrir döff börn á Íslandi. Gerir núverandi menntakerfi döff nemendum kleift að þrífast í skólum? Hafa döff börn tækifæri til að vera með og eiga frjálst samskipti án hindrana við kennara sína og samnemendur? Leitað verður svara við þessum spurningum út frá reynslu minni og því sem ég hef séð, samtölum við döff börn og svo kenningum og stöðlum í kennslu.

Áður en ég sökkvi mér út í kennslufræðilegan hluta greinarinnar er mikilvægt að fá fram grundvallarskilgreiningu á hvað skapar döff samfélag.

Að mati flestra heyrnarlausra er döff samfélagið mállegur minnihluti. Döff fólk telur að það að vera döff sé ekki fötlun; því séu allar tilraunir til að alhæfa um döff fólk eins og að reyna að laga eitthvað sem ekki er bilað. Döff fólk treystir á sjónina og hefur sitt eigið sjónræna tungumál, félagslegar stofnanir, sögu, gildi og fleira. Það er stolt af að tjá sig á sinn sérstaka hátt um heiminn. Döff fólk giftist oft öðru döff fólki, heldur sig innan döff samfélagsins, skapar einstæða list og þróar sínar eigin félagslegu reglur og hefðir. Döff samfélag er í sjálfu sér sinn eigin menningarheimur.

Margir þekktir heimspekingar hafa sett fram kenningar um hlutverk menntunar í samfélagi okkar:

Samkvæmt Thomas Merton leikur

menntun stórt hlutverk í að örva ástríðu nemenda og áhuga á að læra. Hann nefndi að tilgangur menntunar sé að „sýna manneskju hvernig hún getur skilgreint sig á óbyggjandi og ósjálf-ráðan hátt í samskiptum sínum við heim sinn – ekki að þröngva stöðluðum skilgreiningum um heiminn upp á þá, og enn síður geðþóttalegum skilgreiningum um einstaklinginn sjálfan...“ (Miller, 2002). Ralph Waldo Emerson taldi að námskráin ætti að næra sálina, frekar en að aftengja hana heiminum sem maður lifir í. J.G. Bennet sagði að fullkomin námskrá sé sú sem hjálpar nemendum að tengjast eiginlegu eðli sínu. Hann taldi einnig að sérhver skóli ætti að vera „...næmur á hvers sé raunverulega krafist af nemendum, starfsfólki, samfélaginu, og svo framvegis“ (Miller, 2002). Hann lagði mikla áherslu á að búa til námskrá þar sem auk þess að hvetja allt samfélagi, yrði sköpuð samkennd innan umhverfis nemandans; þetta, taldi hann að hvetti til eiginlegs mats á nemandanum.

Ég er sammála þessum heimspeningum um kostina við menntun og hvernig menntun getur hjálpað fólki að rata að miðju einstaklingsbundins og samansafnaðs afls síns. Að finnast maður ráða yfir sjálfum sér tengist menntun því vitneskja veitir völd. Menntun gerir fólk kleift að ná sjálfs-raungervingu, gera það sem því er mögulegt, fjörgar sköpunargáfu þess og leiðir til þess að það finnur tilgang og völd innan samfélagsins.

Vegna nýlegrar umfjöllunar um

tilgang menntunar hér á landi kanna ég gæði döff menntunar á Íslandi. Gerir döff menntun á Íslandi heyrnarlausum börnum kleift að ná sjálfs-raungervingu? Hámarka kennsluadferðir kennara möguleika döff barna? Glæðir námskráin sköpunarkraft döff nemenda? Finna döff nemendur fyrir tilgangi og völdum í samfélagi við útskrift?

Heyrnarlausir gengu lengi í Heyrnleysingjaskólann og höfðu aðgang að bæði íslensku tákmalí og íslensku þar til honum var lokað árið 2000. Nú fylgja öll döff börn öðrum í almennum skólum þar sem aðeins eru nokkur önnur döff börn. Þrátt fyrir að þau hafi aðgang að menntun með aðstoð túlka hafa mörg þeirra deilt óánægju sinni og baráttu við að horfa stöðugt á túlkana í lengri tíma. Þar að auki er hönnun kennslustofa, uppbygging og kennsla ætluð heyrandi námsmönnum: „Kort eru dregin niður, skyggnum varpað á tjald, töflur með tölum sýndar og á meðan talar kennarinn, túlkurinn túlkar og heyrnarlaus barnið má aldrei líta af túlknum“ (Lane, 1992).

Það er ekki auðvelt að reyna að ala barn upp á eðlilegan hátt í hljóðmiðuðu kennsluumhverfi gegnum túlka og þar að auki óeðlilegt. Döff börn segja oft að þeim finnist þau einangruð, ein og í minnihluta. Þeim finnst þau ekki vera hluti af skólasamfélaginu því þau eru á jaðrinum vegna mismunandi tungumáls og samskipta.

Hins vegar eru nokkrir döff eða heyrnarlausir nemendur sem geta heyrt svolítið og talað annað hvort vegna þess að þeir hafa örlitla heyrn eða með aðstoð heyrnartækja eða kuðungsígræðslu. Þar sem þessir döff eða heyrnarlausir nemendur hafa nokkurn aðgang að hljóði var þeim sagt af heyrandi fullorðnu fólki að þeir væru ekki eins og „þetta heyrnarlaus fólk.“ Þeir hafna

því að nota túlka og reyna að komast gegnum skólann með því að þykjast heyra. Samt sem áður getur döff manneskja sem heyrir eitthvað smávegis og/eða getur talað aldrei heyrt eins vel og heyrandi samnemendur sem verður til þess að þeir missa af heilmiklu af upp-lýsingum úr fyrirlestrum og umræðum. Kennarar gleyma oft eða líta framhjá sérþörfum þessara tilteknu döff nemenda.

Bæði daufdumbir og döff fólk sem getur eitthvað talað og heyrt á í erfiðleikum í námi þar sem það hefur ekki nægilega góðan aðgang að umhverfi sínu. Það er oft einangrað í íslensku-

„Vitsmunalegt, félagslegt og andlegt nám kemur í ljós í ákveðnu samhengi sambanda.“

- Gregory Cajete

mælandi umhverfi og skortir stuðning og úrræði, sem veldur vanda í andlegum, tilfinningalegum og félagslegum þroska.

Heyrandi leiðtogar sérkennslu hafa haldið því fram að skóli án aðgreiningar bjóði minnst takmarkandi umhverfið fyrir menntun heyrnalausra. Þvert á móti telur döff fólk að skólar án aðgreiningar séu mest takmarkandi umhverfið. Heyrandi sérfræðingar líta á ITM (íslenska táknmálið) sem hækju og hvetja döff börn til að læra það ekki. Hins vegar telja döff Íslendingar að táknmálið sé jafngilt íslensku og líta á tungumálið sem bestu og eðlilegustu samskiptaaðferðina við döff fólk. Heyrnleysingjaskólinn gamli sá döff börnum fyrir mikilvægum hlekk í samhæfingu döff menningar og tungumáls sem er ástæða þess að döff samfélaginu finnst lokun tvítyngds heyrnleysingjaskóla sorgleg. Fyrrum tvítyngdi Heyrnleysingjaskólinn hafði opnað dyr fyrir kennara, foreldra og döff nemendur til að eiga samskipti sín á milli, þróa vinnuáttu, taka þátt í athöfnum nemenda, læra af fyrirmyndum og kannski það sem var mikilvægast, að öðlast sjálfsvirðingu sem döff manneskja. Enginn af þessum kostum býðst döff börnum í opinberum skólum þar sem íslenska táknmálið,

„Lítið til barnanna og þau vísa okkur veginn. Spyrjið þau hvers þau þarfnast, segið þeim ekki hvað þau vilja.“

Spyrjið þau hvernig þau geti hjálpað, segið þeim ekki hvers er krafist.“

- John Donnelly

döff fullorðnir og döff samfélagið eru ósýnileg. Heyrandi leiðtogar hafa gert döff börn fatlaðri en nokkru sinni í sögu landsins.

Döff samfélagið er ekki sammála heyrandi sérfræðingum sem nú eru í störfum sem tengjast döff fólki því þeir vinna ekki með döff samfélaginu. Ef málefni snúast um ákveðinn hóp, ættu þeir sem tilheyra hópnum að taka ákvarðanir um hvað sé best fyrir hópinn því þeir hafa reynslu af að hafa lífað í kerfinu. Þeir vita hvað gengur og hvers konar breytingar þarf að gera. Heyrnarlaus fólk ætti sjálft að vera mikilvægir þátttakendur í samtölum og ákvarðanatöku-ferlinu. Því miður hefur

„Skilningur verður til þegar fjölbreytileiki og mismunur er viðurkenndur.“

- John Donnelly

döff samfélagið verið sett út á jaðarinn í kerfinu á öllum sviðum, m.a. en ekki aðeins, á sviði tólmstundaiðju, menntunar og laga og lagasetninga.

Svo að heyrnalausir séu virkir og finni til sjálfs-raungervingar þarf mikinn stuðning og átak. Það krefst mikillar og stöðugar vinnu allra einstaklinga og samfélaga. Það krefst einnig heiðarlegrar sjálfskoðunar um hvar döff fólk er statt hvert um sig og sem hópur á leið sinni til frelsunar. Til að meta „hvar við erum stödd“, langar mig að nefna grundvallar hugmynd.

Margir heyrnalausir virðast þjáast af „gíslaheilkenninu“, en það er hugtak sem Gregory Cajete kom fram með. Hann notaði það til að lýsa ástandi frumbyggja N-Ameríku. Skilgreiningin á hugmyndinni eins og Cajete lýsti henni:


„Hún speglar skráð sálfræðileg áhrif á einstaklinga sem er lengi haldið föngnum. Heilkennið ein-kennis af því að finnast maður utangátta og ráðvilltur. Þetta er tilfinningalegt og hugsanaferli sem einstaklingar reyna þegar þeir hafa lagað sig að frelsissviptingu sinni og kröfum þeirra sem hafa þá í haldi. Þessi áhrif geta verið allt frá algjörri höfnun á þeim sem ráða yfir manni til tilraunar til að samsama sig þeim og verða eins.“

Þegar saga stríðsfanga sem hafa verið kúgaðir af föngurum sínum er lesin er margt líkt reynslu döff barna í almennum skólum. Það er mörg dæmi þar sem döff börn voru neydd til að taka þátt í einhverju sem var sársaukafullt og óþægilegt fyrir þau. Þau urðu að vera með í skilningsþrautum sem heyrandi sérfræðingar stjórnuðu. Mörg döff börn alast upp

við að finnast þau sitja föst í gíslaheilkenninu við svipaðar aðstæður með mismunandi nöfnum svo sem „hljóðlíkingar“, „sálfræðileg endurröðun“ og „í hættu.“

Það er þekkt að flest döff börn mæta mörgum hindrunum sem tengjast því að þau hafa ekki aðgang að tungumáli, samskiptum og bestu mögulegu menntun; hins vegar eru þessar hindranir lagðar á leið þeirra af heyrandi fólki sem, ef aðeins það virti grundvallar þarfir döff barna, gæti auðveldlega fjarlægst þær.

Í núverandi menntakerfi er döff menning og samsemd tekin frá döff samfélaginu. Meðal heyrnalausra hafa langtíma áhrif af lélegri menntun orðið til þess að einstaklingar og samfélag þeirra hafa misst tengslin. Tilraunir til að láta döff börn njóta sín í almennum skólum hafa oft mistekist. Til að finnast þau njóta sín raunverulega þurfa döff börn að hafa aðgang að menntakerfi sem ætla sér ekki að heyrnarmæði þau, heldur að fagna því sem þau hafa fram að færa sem döff einstaklingar. Menntakerfi sem gerir döff börnum kleift að raungera hver þau eru, gera það sem þau geta sem manneskjur, vekja sköpunarhæfni þeirra og finna persónulega merkingu og afl sitt er ekki til á Íslandi. Íslendingar þurfa að umbylta menntakerfi sínu til að skapa skólarymi þar sem döff börn ná að rata að miðju einstaklingsbundins og samansafnaðs afls síns og um leið viðhaldið og notið döff sérkenna sinna og menningar.



Heimildir

Cajete, G. (1994). *Look to the Mountain: An Ecology of Indigenous Education*. Durango, CO: Kivaki Press.

Lane, H. (1992). *The Mask of Benevolence: Disabling the Deaf Community*. New York: Knopf.

Miller, J. (2002). *Nurturing Our Wholeness: Perspectives on Spirituality in Education*. Brandon, Vt.: Foundation for Educational Renewal.



SKUGGATÚLKUN Í LEIKHÚSI;

VIÐTAL
VIÐ ÞRJÁ
LEIKHÚSTÚLKA

Viðtal við Ástbjörgu Rut Jónsdóttur,
Lilju Kristínu Magnúsdóttur og
Margrétu Auði Jóhannesdóttur.
Viðtal tók Gunnar Snær Jónsson

Nú nýlega var leiksýningin Hamlet litli í Borgarleikhúsinu táknmálstúlkuð með þremur skugga túlkum og vakti sú sýning mikla eftirtekt, enda ekki oft sem íslenska táknmálið fær að njóta sín jafnvel á leiksviði og raun bar vitni í þeirri sýningu. Verkefnið var samstarfsverkefni Lista án landamæra, þriggja menntaðra táknmálstúlka og Borgarleikhússins. Túlkarnir eru þær Ástbjörg Rut Jónsdóttir (Adda Rut), Lilja Kristín Magnúsdóttir og Margrét Auður Jóhannesdóttir, en þær skuggatúlkuðu einnig leiksýninguna Jesú litla, árið 2010 í Borgarleikhúsinu. Lilja og Margrét hafa unnið sem táknmálstúlkar lengi, en Adda Rut er útskrifuð úr leiklist frá Listaháskóla Íslands og hefur mikla reynslu á sviði leikhússins, auk þess að vera menntaður táknmálstúlkur.

Blaðamaður Döffblaðsins hitti leikhústúlkana þrjá og spurði þær út í starfið þeirra á leiksviðinu, upplifun þeirra af samstarfinu og framtíðarplön.

Fyrsta sýningin sem þið skuggatúlkuðuð, var Jesú litli í Borgarleikhúsinu árið 2010. Getið þið sagt mér frá því hvernig samstarfið hófst, hvers vegna Jesú litli varð fyrir valinu og hvernig samvinnan við Borgarleikhúsið gekk?

Fljótlega eftir að Adda Rut útskrifaðist úr Leiklistarskólunum haustið 2009, fór hún á fund með Magnúsi Geir, þáverandi Borgarleikhússjóra til að ræða ýmis verkefni, meðal annars táknmálstúlkun í leikhúsi. Hún útskrifaðist sem túlkur 2004 og hafði verið að túlka í leikhúsi og gera tilraunir í þeim efnum í og með síðan, enda var alltaf planið hjá henni að læra bæði leiklist og táknmálstúlkun og blanda þessu tvennu einhvern veginn saman. Þau Magnús Geir komumst svo að sameiginlegri niðurstöðu um að velja Jesú litla til að túlka, því þeim þótti það bæði hentugt verk til skuggatúlkunar og einstaklega skemmtileg sýning.

Peningar oftast aðal hindrunin

Hindranirnar voru að sjálfsgöðu aðallega peningar - það er alltaf sama sagan. Það þarf kannski töluvert þor og hugrekki til að fara alla leið með svona verkefni og láta báða heima mætast, leikhúsið og táknmálið. Það tekur líka oft á taugarnar að þurfa að fá fólk til að trúa á ágæti vinnunnar manns. En fyrst og síðast verður maður að trúa á sjálfa sig og vera tilbúin að standa með verkefnunum sínum. Það er eina leiðin til að geta skilað af sér vinnu sem maður getur verið fullkomlega sáttur við og stoltur af; vinnu sem skiptir máli og hefur einhver áhrif út fyrir þetta eina kvöld. Það er líka eina leiðin til að einhver þróun verði í greininni.

Að hausti 2010 veitti Bjargarsjóður Öddu Rut svo styrk til að láta

verkefnið verða að veruleika og þá var þessu hrint í framkvæmd. Í kjölfarið fékk hún Margrétu Auði og Lilju Kristínu til liðs við sig, en þær höfðum áður unnið saman í leikhústúlkaverkefnum, ásamt Sigrúnu Eddu og hún vissi að þær væru réttu manneskjurnar í verkefnið.

Reynslan mikilvæg.

Samvinnan við Borgarleikhúsið gekk frábærlega, enda vorum með toppfólk með okkur í verkefninu. Leikstjóri verksins, Benedikt Erlingsson hafði áður unnið með túlkum og bæði hann og leikararnir höfðu fulla trú á þessari samvinnu og voru tilbúin að gera allt sem í þeirra valdi stóð til að gera sýninguna sem flottasta. Það verður að segjast eins og er að æfingatíminn sem við fengum með leikurum hefði mátt vera meiri en við unnum öll eins vel úr þessu og við gátum og vorum öll sátt við útkomuna og virkilega þakklát fyrir hvert annað. Þessi reynsla hjálpaði líka mikið í næsta verkefni, Hamlet litla, sem við skuggatúlkuðum tvisvar á síðasta ári, en það verkefni var unnið í samstarfi við List án landamæra og Borgarleikhúsið.

Hvernig voru viðbrögð leikaranna við hugmyndinni um að hafa táknmál inn á leiksviðinu, í Jesú litla á sínum tíma og í Hamlet litla á síðasta ári?

Leikararnir í báðum verkum, Jesú litla og Hamlet litla, voru allir mjög jákvæðir og opnir fyrir táknmálinu og skuggatúlkuninni. Í báðum hópum voru aðstandendur sýninganna blanda af fólki sem hafði áður unnið með túlkum í leiksýningu og fólki sem þekkti ekkert til táknmálstúlkunar, hvorki í leikhúsi né annars staðar.

Benedikt Erlingsson leikstjóri Jesú litla og Halldóra Geirharðsdóttir, ein af þremur leikurum verksins, höfðu áður unnið með skuggatúlkum í leiksýningunni Ormstungu, árið 1997. Bergur



LJÓSMYNDIR EFTIR RUT RÚNARSDÓTTUR

Ingólfsson lék einnig í Jesú litla og var svo leikstjóri í Hamlet litla og Kristjana Stefánsdóttir lék og söng bæði í Jesú litla og Hamlet litla.

Þessi fyrri reynsla leikaranna og leikstjóra af vinnu með skuggatúlkum hafði gífurlega mikið að segja fyrir vinnuna og útkomuna. Að auki var það ómetanlegt fyrir okkur sem túlka að vinna aftur með sama fólkinu í samskonar verkefni, því það er ekkert sem kemur í stað reynslu og þekkingar í þessum efnum. Engu að síður var líka frábært að vinna með Kristínu Þóru Haraldsdóttur og Sigurði Þór Óskarssyni í Hamlet litla, en þau voru einstaklega jákvæð og samvinnufús og annað starfsfólk Borgarleikhússins reyndist okkur mjög vel í verkefninu.

Traust lykillinn að góðri samvinnu.

Í öllu vinnuferli beggja sýninga, ríkti mikið traust milli túlka, leikara og leikstjóra, sem skilar sér tvímælalaust í útkomunni. Allt starfsfólk innan leikhússins gerði sitt besta til að gera verkefnið sem allra best, leysa vandamál sem komu upp og finna góðar lausnir. Einnig fengum nokkra heyrnarlaus einstaklinga til að kíkja á æfingar hjá okkur og gefa okkur gagnlega punkta varðandi þýðingar og framsetningu á báðum leikritum. Það er ómetanlegur liðsstyrkur að fá leiðsögn frá heyrnarlausum sem hafa táknmál að móðurmáli og auk þess þekkingu á leikhúsi.

Góð samvinna og áhugi allra á að ná settu marki er forsenda þess að vel takist til. Eins og fram kom hér áður, þarf töluvert þor til að fara alla leið með svona sýningu. Það þarf að vera gott samspil milli leikara og túlka og mikið traust því leikararnir þurfa að taka túlkana inn í verkið og túlkarnir þurfa að þora að vera partur af verkinu og fara langt út fyrir sinn þægindaramma í sviðsframkomunni. Skuggatúlkaðar leiksýningar eru nefnilega ekki heyrandi leiksýningar með túlkandi aukahlutum á hliðarlínunni. Í skuggatúlkaðri leiksýningu er í raun og veru leikið á tveimur tungumálum á sama tíma. Það er einn túlkur fyrir hvern leikara, sem fylgir leikaranum eftir og speglar tilfinningar hans, raddbeitingu og líkams-tjáningu í gegnum táknmálið. Í stað þriggja leikara eru sex performerar, sem allir skipta jafn miklu máli og hafa jafn mikil áhrif á gæði sýningarinnar. Því betur sem gengur með að samtvinna þetta, því betri verður sýningin. Þarna er þekking á báðum heimum nauðsynleg ef vel á að vera.

Komu margir að sjá Jesú litla og Hamlet litla þegar sýningarnar voru skuggatúlkaðar og hefur fjöldi áhorfenda á svona sýningar áhrif á framtíðar verkefni á þessu sviði?

Það var ekki alveg uppselt á Jesús litla og margir heyrnarlausir hafa talað um það við okkur að þeir hafi misst af þeirri sýningu. Margt spilaði þar inn í sem við lærðum af eins og hvað varðar kynningar-

mál og tímasetningu leikhúsviðburða. En við gerðum enn betur þegar Hamlet litli var sýndur og reyndum að ná til allra hópa sem tengjast heyrnarlausum, með ýmiss konar kynningum. Svo er það auðvitað þannig, að það komast ekki allir á allt og við verðum að sætta okkur við það. Við vorum þó ánægðar með að það var uppselt á báðar sýningar Hamlets litla og það er alveg ljóst að það eykur vilja og möguleika á áframhaldandi verkefnum af þessum toga. Enda liggur gífurleg vinna á bakvið svona sýningu, margar æfingar og fjöldi fólks leggur mikinn tíma í undirbúning.

Mikilvægt að öll fjölskyldan geti notið leikhússins saman

Aðgengi heyrnarlausra að leikhúsum landsins, hefur verið mjög takmarkað hingað til og heyrnarlausir hafa ekki alist upp við að fara í leikhús eins og margir heyrandi. Við settum á oddinn að túlka barnaleikritið Hamlet litli til að bjóða upp á þann möguleika að öll fjölskyldan geti farið saman í leikhús. Hvort sem það eru heyrnarlausir foreldrar með heyrandi börn sín eða heyrandi foreldrar með heyrnarlaus börn. Við vitum að margir heyrnarlausir foreldrar voru í fyrsta sinn að fara með heyrandi börnum sínum í leikhús þegar þau sáu Hamlet litla. Þá gátu þau í fyrsta sinn notið sömu sýningar og spjallað saman um hana heima á eftir og fannst það stórkostleg upplifun. Það er ómetanlegt fyrir okkur að fá slíka viðurkenningu

á okkar vinnu.

Getið þið sagt frá reynslu ykkar þegar þið voruð að „túlka og leika“ á leiksviðinu? Voru upplifanir ykkar ólíkar?

Við sem erum í þessum hópi sem skugga-túlkaði Jesú og Hamlet erum með fjölbreyttan bakgrunn. Adda Rut er leikhúsmenntuð og menntaður táknaáskrá. Við tvær sem höfum lengri reynslu sem táknaáskrá (Lilja Kristín og Margrét Auður), en höfum ekki þekkinguna úr leikhúsinu mættum annars konar áskorun-um í skuggatúlkuninni á báðum sýningum heldur en Adda Rut.

Það helsta sem Lilja og Margrét upplifðu sem áskorun var að muna réttar staðsetningar og hreyfingar inni á sviðinu með leikurunum og að vera með allar tíma-setningar á hreinu. Það getur verið gríðarlega flókið. Adda Rut átti mun auðveldara með þessa þætti, enda hefur hún margra ára reynslu úr leikhúsinu, hefur leikið töluvert á sviði sjálf og leikstýrt.

Það er tvímælalaust styrkur þessa hóps að innanborðs eru manneskjur með svona fjölbreyttan bakgrunn, sem treysta hver annarri og nýta reynslu allra svo skuggatúlkun sýningarnar komi eins vel út og hægt er út frá bæði listrænu- og þýðingarlegu sjónarhorni.

Þið hélduð erindi á ráðstefnunni Art in Translation. Getið þið sagt aðeins frá því um hvað það fjallaði?

Já, við höldum erindi á ráðstefnunni Art in Translation haustið 2014. Erindið okkar fjallaði um táknaáskrá í leikhúsi og reynslu okkar af slíkum verkefnum, með aðaláherslu á skuggatúlkun. Við förum aðeins yfir vinnuferlið og hvers svona vinna krefst, hindranir og ávinning. Einnig fjölluðum við um listrænt gildi táknaáskrá sýninga og sýndum nokkur myndbönd úr skuggatúlkun sýningunni um Hamlet litla máli okkar til stuðnings.

Niðurstaða erindisins var í raun sú að eftir rannsóknir okkar á táknaáskrá í leikhúsi og reynslu okkar af þeim sýningum sem við höfum skuggatúlkað, höllumst við frekar að því að skuggatúlkun sé tengdari því að vera ákveðið listform en að vera eiginleg táknaáskrá, í það minnsta brothætt og vandmeðfarin blanda þessa tveggja.

Vitið þið hvort það hafi verið farið í sviðuð verkefni með táknaáskrá á leiksviði í útlöndum?

Já, það eru einhverjir hópar sem vinna svipaða vinnu í Ameríku allavega og einhverjar tilraunir hafa verið gerðar í Bretlandi (Skotlandi og Englandi). En við höfum ekki öruggar heimildir fyrir því

hvernig nákvæmlega slíkar sýningar eru framkvæmdar, en það eru vissulega til hópar sem vinna mikið með skuggatúlkun og/eða annars konar táknaáskrá í leikhúsi í öðrum löndum.

Hvert er markmiðið ykkar árið 2015?

Það sem við höfum að markmiði er að halda áfram með það starf sem við erum búnar að byggja upp síðustu 10 árin (í það minnsta). Við þrjár, Adda Rut, Lilja Kristín og Margrét Auður ásamt Sigrúnu Eddu Theódórsdóttur, erum búnar að stofna hóp í kringum okkar vinnu. Þetta er táknaáskrá- og listhópur sem mun einbeita sér að verkefnum sem tengjast leiklist og tónlist.

Við viljum með okkar starfi efla fræðslu og skapa umræðugrundvöll um þessa hlið listar og táknaáskrá, bæði fyrir heyrnarlaus og heyrandi og til jafns fyrir almenning og listafólk.

Nafnið á hópnum er gamalkunnugt nafn úr túlkabransanum sem verður nú endurvakið, en hópurinn mun starfa undir merkjum Hraðra handa. Við erum með ýmis verkefni í handaðanum, svo nú er bara að fylgjast vel með og bíða spennt eftir næsta táknaáskrá gúmmelaði á leiksviðum landsins! Við erum þakklátar fyrir frábærar viðtökur undanfarin misseri, rosalega spenntar fyrir framhaldinu og horfum jákvæðar fram á veginn.





FYRSTI HVOLPURINN ÞJÁLFAÐUR SEM „HEYRANDI“ HUNDUR FYRIR HEYRNARLAUSA Á SKOTLANDI

Eftir Amöndu Keenan

Má ég kynna Aster, fallegan cocker spaniel sem er fyrsti hvolpurinn á Skotlandi sem þjálfaður er sem heyrandi hundur fyrir heyrnarlausla. Þessum 18 vikna gamla hvolpi er kennt að bregðast við hljóðum sem gagnast þeim sem eiga erfitt með að heyra.

Vicky Hope, 43 ára, frá Newhaven í Edinborg, er fyrsti sjálfboðaliðinn í landinu til að taka að sér að þjálfva heyrnarhvolp. Börnin hennar höfðu suðað í henni um að fá gæludýr í mörg ár og nú sér hún um Aster heima hjá sér og fjölskyldan lærir allt um hundþjálfun.

Vicky, sem er tveggja barna móðir, sagði: „Krakkana mína var lengi búið að langa í hvolp svo ég ákvað að við byðum okkur fram í að sjá um heyrnarhund sem gerir gagn þegar hann stækkar. Vonandi kennir hún líka börnunum mínum að vera ábyrg. Aster er ótrúleg. Hún er svo full af lífi og við höfum öll fallið fyrir henni. Hún hefur fallið vel inn í fjölskyldulífið og við erum hissa á hve fljót hún er að bregðast við þjálfuninni.“

Vicky og börn hennar, Mimi, 11 ára, og Belle, 8 ára, sjá um hundinn í átján mánuði áður en henni verður

komið fyrir hjá heyrnarlausri manneskju. Heyrnarhundar hjálpa til við að bylta lífi heyrnarlausra með því að láta þá vita af mikilvægum hljóðum, svo sem vekjaraklukku, dyrabjöllu eða reykskynjara.

Vicky ver einum degi í viku með sérstökum þjálfara frá góðgerðastofnuninni Heyrnarhundar fyrir heyrnarlausla, en þar er Aster í þjálfun. Vicky sagði: „Aster er enn mjög ung og er rétt að hefja námið. Hún stendur sig vel og er að læra að bregðast við hljóðum eins og símhringingum eða dyrabjöllunni. Hún er mjög forvitin og fljót að læra.“

Aster getur setið eftir pöntun og hefur rétt geðslag til að verða góður vinnuhundur. Eftir hvern tíma með þjálfaranum fylgjum við því eftir sem henni hefur verið sýnt og hún virðist geta þetta án áreynslu. Fyrsta árið hjá henni er mikilvægast því allt sem hún lærir núna gagnast henni alla ævi. Þetta er heilmikil ábyrgð en félagið er okkur innan handar ef við þurfum aðstoð.“

Meira en 80 heyrnarlausir með heyrnarhunda búa á Skotlandi og félagið vonast til að fleiri bjóðist til að aðstoða við að þjálfva nýu unga hvolpa í viðbót.

Vicky, sem vinnur heima, bætti við: „Ég ákvað að taka Aster því þabbi minn heyrði illa og ég veit hvað hundur eins og hún getur breytt miklu fyrir þá sem helst þarfnast þeirra. Þegar okkur var sagt að við fengjum fyrsta heyrnarhvolpinn í Skotlandi vorum við spennt og líka kvíðin.“

Aster aðlagðist strax og stelpunum þykir mjög vænt um hana. Hún fær nóg af faðmlögum og ástúð og finnst gaman að fara í langar gönguferðir og að hlaupa um í garðinum. Í hverri viku kynnum við hana fyrir einhverju nýju til að auka félagsfærni hennar. Hún er enn auðæst en þegar hún eldist mun hún hafa meiri stjórn á sér. Öll vinnan sem við leggjum í hana núna kemur henni til góða og einhverjum sem treystir á hana í framtíðinni.“

Vicky er þegar orðin hænd að litla orkuboltanum og viðurkennir að það verði erfitt að kveðja Aster þegar henni verður komið fyrir. Hún sagði: „Aster er hluti af fjölskyldu okkar og okkur finnst dásamlegt að hafa hana. En stelpurnar skilja að hún er bara hjá okkur í stuttan tíma þar til hún heldur annað.“

Þær vita að Aster gerir gæfumuninn fyrir einhvern sem þarf á henni að halda. Hún elst upp til að verða til gagns og það þurfum við að muna. Vonandi fáum við að fylgjast með hvernig henni vegnar.“

Vicky bætti við: „Að verða heyrnarhunds sjálfboðaliðar er eitt af því besta sem við höfum gert. Ég hvet alla sem hafa tíma til að hugleiða að gera það. Það er mikil vinna en gefur mikið til baka og að sjá hve hamingjusöm Aster er, gerir það þess virði.“



BORÐA DREKKA

TYGGJA

WRIGLEY'S
Extra


Netbanki sem er mótaður af viðskiptavinum sínum

Nýr netbanki Landsbankans hefur verið endurhannaður frá grunni og byggir á ítarlegum notkunarmælingum og þeim aðgerðum sem viðskiptavinir nota mest. Kynntu þér nýjan netbanka á landsbankinn.is/netbanki.

Helstu aðgerðir við höndina

Einfaldari leiðir

Hentar vel fyrir spjaldtölvur



ÖKUFERÐ UM NORÐURLÖNDIN

Sumarið 2014 lét ég gamlan draum að rætast og sló til og keyrði frá Bergen til Turku með Kolbrúnu Hreiðarsdóttur. Tilgangur ferðarinnar var að taka þátt í Norrænni menningarhátíð döff sem var haldin í Turku í Finnlandi. Lengi hefur blundað í mér að keyra um Norðurlöndin og kynnst landslaginu og bæjum utan borganna. Kolbrún hafði planað að keyra til Turku og vantaði ferðafélaga. Ég sló til og flaug út til Bergen og var þar í fáeina daga. Það var sólríkt og heitt allan tímann. Þeir sem þekkja til Bergen vita að það er oft skýjað og þokuslæða yfir borginni vegna þess að það eru 7 fjöll sem umlykja hana. Þegar ég kom til Bergen þá hafði ekkert rignt í tæplega tvo og hálfan mánuð og hitinn var alveg steikjandi, allt upp í 30 gráður. Einn daginn var evrópsk seglskipahátíð í borginni og var það alveg frábært að sjá öll þessi seglskip og áhafnir.

Planið var að keyra til Þrándheims eftir vegi sem nefnist Atlashafsvegur með viðkomu í Álesund. Síðan þaðan til Umeå og taka ferju yfir til Vaasa í Finnlandi og keyra síðan suður meðfram vesturstrandlengjunni í Finnlandi til Turku. Ekkert var fyrirfram ákveðið hvar við myndum gista né stoppa, bara láta kylfu ráða kasti, fyrir utan áfangastaði eins og Álesund, Þrándheim, Umeå/Stokkholm. Þannig að öll gisting var bókuð með eins eða tveggja sólarhringa fyrirvara. Þökk sé tæknipróuninni þá gat maður nýtt sér spjaldtölvu eða snjallsíma til að ganga frá pöntunum, reikna út vegalengdir og leggja drög að ferðaáætlun.

Fyrst gisti ég hjá Kolbrúnu í Bergen. Síðan fórum við til Álesund og það var frábær upplifun fyrir mig að keyra um Noreg, vegirnir, landslagið og ósjálfrátt poppaðist upp bernskuminning af bílferðum á Íslandi, til dæmis ferjuferðir með Akraborginni eða bílferðir um Hvalfjörðinn og Austfirðina. En auðvitað var landslagið mun grænna og fjöllin hærri. Það sem kom mér mest á óvart var hvernig vegirnir voru. Lítið er af „motorvej“ í Noregi en mikið af ferjum, göngum og fullt af vegatollum.

Við áttum bókaða gistingu í Álesund á farfuglaheimili sem var fyrsta og síðasta „farfuglaheimilið“ sem við gistum á. Við

Eftir Hjördísi Önnu Haraldsdóttur

komumst snemma að því að það er stundum hagkvæmara að nýta sér bókunarkerfi á netinu og nýta „last minutes“ hótalgistingu á miklu hagstæðara verði með öllu innföldu eins og handklæði, uppabúnum rúmum og morgunverði sem er mun þægilegra.

Svo í Þrándheim kom í ljós að við urðum að breyta ferðaáætlun okkar. Í staðinn fyrir að keyra til Umeå þá urðum við að keyra til Stokkhólms og þá höfðum við minni tíma að stoppa og skoða okkur um í Svíþjóð. Ástæðan var sú að ferjan milli Umeå og Vaasa var ekki á mánudögum þannig að fyrra planið okkar gekk ekki upp. Við ákváðum að bruna til Stokkhólms og taka ferju þaðan. Við keyrðum frá Þrándheimi til Borlänge á einum degi sem gerir c.a. 650 km. Reyndar var líka ævintýri kringum Leksand. Við höfðum bókað gistingu á krúttlegu gistiheimili stutt frá Leksand en svo kom í ljós að gistiheimilið var fullbókað og kallinn þar hjálpaði okkur að bóka gistingu í Borlänge með símtali þar sem það var seint um kvöldið og á sunnudagskveldi. Við þurftum að keyra c.a. 1 klst í viðbót alveg búnar á því eftir daginn. Í Borlänge gekk brösuglega að finna hótelið en það tókst að lokum.

Aðalstressið var að keyra um Stokkhólm. Ekki er gaman að keyra um stórborg sem maður þekkir ekki til, bara helstu staði sem maður hefur margsinnis gengið eftir en ekki keyrt um. Þökk sé vegavísi í bíl Kolbrúnar þá rötuðum á endastöðina. Síðan var krúttleg ferja með Silja link, sem er finnst skip, yfir nóttina í flottri káetu með útsýni yfir sjóinn. Svo kom morguninn og við komnar til Turku eftir 5 sólarhringa ökuferð. Létt er að keyra eftir þjóðvegi en í stærri borgum þá er auðvelt að afvegaleiðast og enda í ókunnun hverfi. En sem betur fer var alltaf hægt að endurstilla vegavísinn fyrir endastöðina.

Ég og Kolbrún Hreiðarsdóttir komumst heilar á húfi til Turku. Ég öðlaðist nýja sýn á Noreg og Svíþjóð þrátt fyrir að hafa farið margsinnis þangað. Ég þakka líka Kolbrúnu fyrir að leyfa mér að keyra á hennar bíl og fá að upplifa mörg ævintýri. Ég sa fljótt að það er léttara að villast þar en á Íslandi.



HVERS VEGNA FINNST ÞÉR HEYRNARLAUSIR FRÁBRUGÐNIR ÞÉR?

Eftir Melissu Baker

Melissa Baker, sem er heyrnarlaus, á ekki í erfiðleikum með að sinna þörfum átta ára gamals sonar síns Anthony Bell. Hún á hins vegar erfitt með að eiga við fólk sem kemur fram við hana eins og hún sé fötluð.

Inn döff samfélagsins er mikil fátækt því það er erfitt að komast úr fátæktargildrunni þegar maður berst líka við mismunun. Oft er litið framhá döff fólki við mannráðningar af því að við erum stöðugt að mæta ósanngjörnum staðalímyndum. Ég bið almenning að halda aftur af því sem það heldur um stund því við erum svo miklu meira en það.

Þegar heyrandi manneskja sér heyrnarlausu eða hittir hana af tilviljun sýnir hún oft meðaumkun og sú heyrnarlausu fær á sig fötlunarstimpilinn. Döff samfélagið hefur aðra sýn á sig því við teljum okkur tilheyrja sérstakri menningu. Ef þú hittir heyrnarlausu manneskju skaltu ekki óttast að eiga samskipti við hana.

Einfaldasta leiðin er að ná sér í blað og penna, nota símann eða spyrja hvort hún vilji heldur, því heyrnarlausir eru ekki allir eins. Sumir nota aðeins táknmál, sumir nota raddir sínar og sumir nota hvort tveggja. Bandarískt táknmál er raunverulegt tungumál og þannig komum við áleiðis og tjáum hefðbundin gildi okkar og trú. Við lítum ekki á okkur og

finnum til vorkunnar; við finnum til stolts.

Því miður ýtir samfélag heyrnarlausum út á jaðarinn og neyðir þá oft til að finnast þeir vera gallaðir og því þurfi að laga þá. Heyrnarlausum finnst þér ekki vera gallaðir. Þeir finna fyrir stöðugum fordómum og að vera ekki teknir eins og þeir raunverulega eru.

Hvers vegna styður hið heyrandi samfélag leikskóla sem kenna smábörnum táknmál til að bæta við samskiptahæfni þeirra en finnst samt að heyrnarlaus börn og jafnvel nýburar ættu að fara í kuðungsígræðslu? Ef það er talið gagnlegt hvers vegna ráða þeir ekki líka heyrnarlausan leiðbeinanda til að vinna á leikskólanum eða a.m.k. bjóða heyrnarlausum, sérstaklega heyrnarlausum mæðrum, að kenna táknmálið? Ég veit fullvel að þetta gerist ekki.

Ég hef svarað auglýsingum og verið sagt að ekki sé þörf fyrir mig en samt auglýstu þeir að verið væri að ráða fólk. Mér finnst þeir hafi misst af tækifæri til að fá upplýsingar um döff menningu og samfélag.

Þeir misstu af tækifæri til að eiga samskipti við heyrnarlausu manneskju sem er einnig móðir. Það er ergilegt fyrir mig að sjá að samfélagi okkar finnst í lagi að nota tungumál okkar en halda samt

heyrnarlausum frá því að kenna tungumál sitt. Er það ekki hræsni?

Hvers vegna er tungumál okkar talið tækt en ekki heyrnarlaus einstaklingur? Heyrnarlaus fólk er því miður talið latt í okkar samfélagi. Staðreyndin er sú að við berjumst oft fyrir jafnrétti á vinnustöðum sem bjóða jafnan aðgang að táknmálstúlkum í viðtölum og á fundum. „Audismi“ er nýyrði sem notað er um alls kyns mismunun, hindranir og fordóma sem við mætum frá heyrandi fólki af því að við erum heyrnarlaus.

Orðið er ekki enn skráð í orðabækur eða í kennslubækur en verknauðurinn er til. Ég útskýrði orðið í Windsor háskóla frammi fyrir kennurum mínum og samnemendum. Þeir höfðu ekki hugmynd um hvað orðið merkti svo ég útskýrði að það væri sambærilegt við önnur orð sem enda á „ismi,“ svo sem sexismi eða rasismi. Kennurum mínum og samnemendum fannst það áhugavert og það hvatti mig til að skrifa Windsor Star blaðinu. Ég nýt þess að kenna öðrum og vona að ég geti brotið niður neikvæðar staðalímyndir.

Ég er mjög stoltur döff aðgerðasinni og móðir átta ára heyrandi sonar sem heitir Anthony. Já, hann heyrir og líf hans er dásamlegt því hann notar tvö mismunandi tungumál, bandarískt táknmál og ensku.

ENGAR HINDRANIR

Eftir Gunnar Snæ Jónsson



Það eina sem við þráum að sýna samfélaginu er að við búum ekki við hindranir. Okkur finnst ekki rétt að segja að heyrn sé mikilvægust af öllu í lífinu þegar við höfum líkama, sjón, bragð og heila til að skynja og túlka upplýsingar úr umhverfinu. Joel Barish vildi sýna heiminum og fólki sem hefur ekki þekkingu á heyrnarleysi og táknmáli hvernig það er að vera heyrnarlaus í daglegu lífi.

Hver er Joel Barish? Hann er heyrnarlaus maður frá Bandaríkjunum sem ákvað að stofna fyrirtæki ásamt bróður sínum, Jed, árið 2003. Fyrirtækið fékk nafnið DeafNation og varð þekkt í heimalandi þeirra. Þeir settu sér það markmið að fyrirtækið yrði leiðandi á alþjóða vísu í fréttuumfjöllun og tilkynningum um viðburði innan samfélags heyrnarlausra og heyrnarskertra. Joel útskrifaðist með gráðu í sjónvarpsþátt- og kvikmyndaframleiðslu frá Gallaudet háskóla í Washington D.C. Hann átti sér

þann draum að vinna í stóru stúdíói og framleiða bíómyndir. En hann rakst á hindranir og gat ekki látið draum sinn rætast. „Það var erfitt á þessum tíma þar sem tækjabúnaður var var af skornum skammti og þá var upplýsingatæknin ekki komin,” sagði Joel. Þrátt fyrir erfiða tíma ákvað Joel að stofna ferðaskrifstofu sem veitti þjónustu á amerísku táknmáli. Á sama tíma opnaði Joel kaffihús sem hann vann á samhliða starfi sínu á ferðaskrifstofunni. Eftir þrjú ár seldi hann ferðaskrifstofuna og fékk vinnu sem fulltrúi heyrnarlausra hjá ferðaþjónustu American Express.

Hann hefur frumkvöðlahjarta og þegar internetið var að ryðja sér rúms þá þróaði hann og hýsti vefsíður og bjó til síður með aðgengi fyrir heyrnarlausra og heyrnarskerta. Joel og Jed bróðir hans vildu koma á fót vörusýningum þar sem kynnt væri þjónusta og vörur fyrir heyrnarlausra og heyrnarskerta. „Okkur langaði að opna vörusýningar þar sem aðgangur væru ókeypis,” sagði Joel. Þannig ákvaðu þeir að stofna DeafNation Expo, sýningar sem haldnar hafa verið haldnar í ótal borgum og notið mikilla vinsælda.

En hvað varð um draum hans um að vinna í stóru stúdíói og framleiða bíó-

myndir? Hann gerði nokkuð miklu betra með drauminn sinn. Undir nafni Deaf-Nation stofnuðu þeir sitt eigið framleiðslufyrirtæki og framleiða þættina Engar hindranir með Joel Barish (e: No Barriers with Joel Barish). Ferðast þeir vítt og breitt um heiminn til að taka upp sögur um líf heyrnarlausra og heyrnarskerta. „Enginn er eins, við höfum hitt fólk alls staðar að úr heiminum“ sagði Joel „En eitt eiga allir sameiginlegt: það er stoltið af uppruna sínum og að vera heyrnarlaus“.

Þegar Joel og Jed hófu þáttaframleiðsluna, ferðuðust þeir um Bandaríkin til að leita að heillandi ævintýrum. Einnig vildu þeir að taka upp sögur um líf heyrnarlausra í Bandaríkjunum sem fólk vissi nánast ekkert um. En síðar fór áhorfendum að fjölga smám saman og ákváðu bræðurnir að ferðast út fyrir Bandaríkin. Í þáttunum fjölluðu þeir einnig um ævintýri, dýralíf, eldamennsku, ferðalög o.fl. Joel sagði sjálfur í þættinum að hann klifi í hæstu hæðum, lifði án ótta og ráfaði um fjarlæg lönd. Hann tók alltaf áhættur þó þær gætu verið hættulegar. Hann mætti framandi og hættulegum dýrum eins og krókóðílum, hie-num og ljönnum. Í eldamennskuhlutanum smakkaði hann margt, allt frá þörmum til

súrrar mjólkur eða heila.

Eins og áður hefur komið fram þá vildi hann hitta heyrnarlaust fólk um allan heim og segja sögur frá lífi þeirra í ólíkum löndum. Hann hefur t.d. hitt heyrnarlausan Ítala sem rekur 5 stjörnu hótél í Róm, heyrnarlausan flugvirkja, leikara o.m.fl. Hann elskar að hitta heyrnarlaus börn og hefur ferðast til fleiri en 60 landa. Þar á meðal til Íslands.

Hann vildi sýna heiminum fram á að hann getur ferðast hvert sem er. Fyrir hann eru engar hindranir. Á heimasíðu DeafNation eru öll myndböndin frá ferða-lögunum á amerísku táknmáli og með enskum texta. Þannig geta þeir sem ekki skilja táknmálið einnig fræðst um líf heyrnarlausra í heiminum.

Fólki skjáttast sem hefur talið sér trú um að heyrnarlaust fólk búi við miklar hindranir í lífi sínu. Þú getur orðið lækur, lögfræðingur eða tölvunarfræðingur. Það er ekkert sem segir að þú þurftir heyrn til að vinna þessi störf. Þú hefur líkamann til að hreyfa þig og framkvæma, sjón til að sjá og heila til að skynja og túlka upplýsingar. Lífið er auðveldara en maður heldur.



Sparnaður

Láttu sparnaðinn rætast

Settu þér skemmtilegt markmið og náðu því!

Við vitum að það getur verið erfitt að hefja reglulegan sparnað. Þess vegna höfum við einfaldað fyrstu skrefin í Netbankanum. Um leið og sparnaðurinn er orðinn hluti af föstum útgjöldum er eftirleikurinn miklu auðveldari.

Hvað hefur þig alltaf dreymt um að gera?

Láttu sparnaðinn rætast!

USA mótörhjólaferð

STÚLKAN SEM NOTAÐI TÆKNINA TIL AÐ KANNA EGIN RÖDD

Viðtal tók Gunnar Snær Jónsson

Hefurðu heyrt upptöku af þinni eigin rödd og orðið hissa á hvernig hún hljómar? Það getur komið heyrandi fólki á óvart að hvernig þeir heyra að röddin sem þeir telja sig hafa getur verið mjög frábrugðin því sem þeir heyra af upptöku. Á sama hátt finnst heyrnarlausum rödd sín vera mismunandi, sérstaklega vegna skertrar getu þeirra til að heyra hljóðin sem þeir gefa frá sér. Hljóðupptökur af tali heyrnarlausra gefa þeim heyrnarlausu ekki miklar upplýsingar um rödd sína og því ákvað ein heyrnarlaus kona að leita annarra leiða til að skoða röddina.

Hefurðu heyrt upptöku af þinni eigin rödd og orðið hissa á hvernig hún hljómar? Það getur komið heyrandi fólki á óvart að hvernig þeir heyra að röddin sem þeir telja sig hafa getur verið mjög frábrugðin því sem þeir heyra af upptöku. Á sama hátt finnst heyrnarlausum rödd sín vera mismunandi, sérstaklega vegna skertrar getu þeirra til að heyra hljóðin sem þeir gefa frá sér. Hljóðupptökur af tali heyrnarlausra gefa þeim heyrnarlausu ekki miklar upplýsingar um rödd sína og því ákvað ein heyrnarlaus kona að leita annarra leiða til að skoða röddina.

Christine Sun er heyrnarlaus hljóðlistamaður frá Bandaríkjunum og hún ákvað að kanna nýjar leiðir til að skilja heyrnlega rödd sína. Ég hitti Christine í Reykjavík í júlí sl. Þegar hún kom hingað til að flytja fyrirlestur um verkefni sín með hljóð

Christine lauk grunnháskólagráðu í upplýsingatækni við Rochester háskólann og flutti síðan til New York. Á meðan hún bjó þar lauk hún fyrri meistaragráðu sinni í vinnustofulist við Skóla sjónlista. Eftir útskrift gekk henni mjög vel sem listamanni og varð að vinna margs konar störf. Síðar tókst Christine að finna örugga vinnu við stafrænar skráningar hjá útgáfufyrirtæki. Það kenndi henni að vera fjölbær, sjálfsöguð og leitandi.

Hvað varð þá til þess að Christine fékk áhuga á hljómi? Á meðan hún stundaði nám við Bard College þrýstu félagar hennar og kennarar á hana að tala, að nota rödd sína sem döff kona. Hún útskýrði: „Þegar ég var í námi þar áttaði ég mig á að fólk hefur þörf fyrir að heyra rödd mína svo það geti fengið hljóðmynd af mér. Mig langaði til að komast hjá því.“ Christine fór að hugsa

„EF ÉG SKIL EKKI EITTHVAÐ VERÐ ÉG FLJÓT
ÓPOLINMÓÐ EN ÉG ER ALLTAF TIL Í AÐ
FINNA NÝJAR LAUSNIR.“

við Háskóla Íslands, auk þess að flytja sýningu sína um Líkamstjáningu, táknmál og list fyrir döff og heyrandi menningu í aðal-
bókasafni Borgarbókasafnsins.

Hún fæddist heyrnarlaus í Orangesýslu í Kaliforníu, dóttir heyrandi foreldra sem komu upphaflega frá Suður-Kóreu og höfðu aðeins flutt til Bandaríkjanna ári áður en hún fæddist. Því lærðu þau bandarískt táknmál og talaða ensku samtímis. Christine á systur sem er einnig döff, en hún veit ekki til að neinn annar í fjölskyldunni sé döff.

um hvað hún hafði forðast að nota rödd sína. Hún fór að velta fyrir sér hvort tal væri orðið að bannhelgi hjá döff fólki vegna þess að það vildi sanna að það gæti lifað eðlilegu lífi án þess að nota eða viðurkenna talmál. Í stað þess að forðast rödd sína fór Christine að rannsaka hana. „Ég fór að skoða hvernig rödd mín væri raunverulega og mér líkaði vel að geta skoðað sjálfa mig innan frá. Bandarískt táknmál er ytra kenni mitt og rödd mín er ytra kennið, hvort tveggja fyrir sjálfa mig.“ Christine fór af stað með námsstofur og hélt hópsýningar um efnið en ákvað síðan að vinna að annarri meistaragráðu við Bard College í hljóðfræði, og



þá fór allt að smella saman. „Ég skil ekki eitthvað verð ég fljótt óþolinmód en ég er alltaf til í að finna nýjar lausnir.“

Á meðan ég hlustaði á fyrirlestur Christine um könnun hennar á hljómi, fór ég að velta fyrir mér hvernig hún gæti unnið við rannsóknir sínar án þess að nota heyrnartæki, svo ég spurði hana hvernig hún færi að. „Þarf rödd mín að heyrast? Ég held að við heyrum á mismunandi hátt, ekki aðeins gegnum eyru okkar. Rödd mín verður til í lungunum, hálsinum og munninum. Hljóð eru loft sem titrar.“ Það sem Christine bendir á er nákvæmlega rétt, okkur finnst rödd okkar vera eins og öðrum finnst hún, en við getum öðlast nokkurn skilning á henni með því að nota nútímatækni.

Christine hafði haldið nokkrar hóp-sýningar þar sem hún notaði spjaldtölvur til að skrifa og eiga samskipti á ensku við heyrandi gesti. Hún valdi að nota ekki

di fólk brygðist við og breytti skynjun hennar og skilningi á hljóðum. Christine bætti við að heyrnarlauseir gestir væri alltaf velkomnir og hún deildi glöð með þeim hugmyndinni á táknmáli bæði fyrir og eftir að sýningin hefur verið skoðuð. Á sýningu sem Christine hélt í Tókýó og hét „Hlutlægur hávaði“, í október 2013 bað hún nokkra döff Japani að aðstoða sig við að setja upp tilraunina, en þeir höfnuðu því og sögðu að þeir vildu heldur taka þátt í henni. „Því gekk ég úr skugga um að þeir skildu hugmyndina því hún snýst ekki um að gera verk mín aðgengileg. Ef ég breytti verkum mínum á þann hátt hefði það eflaust áhrif á gæði og innihald verka.“ Christine vill helst hafa annað hvort heyrandi eða döff áheyrndur, en kannski tekst henni síðar að þróa aðferð til að hafa blandaðan hóp áheyranda.

Í fyrirlestri sínum nefndi Christine samstarf sitt við fjöllistamann að nafni Thomas Benno Mader frá Þýskalandi sem kallast „Upptökusamningur“. Tilgangur

haldi að það líti ekki vel út,“ nefndi hún. Að hennar áliti er það að vera listamaður að reyna, gera tilraunir, mistakast og því oftast sem henni mistekst, því betri verður hún því það dregur úr hræðslunni.

Síðustu tvö ár hefur Christine ferðast til tuttugu landa til að koma fram, sýna, flytja fyrirlestra og auk þess að eiga viðtöl við ýmis blöð og tímarit. „Ég átti alls ekki von á að fá svo mikla athygli og umfjöllun. Allt virðist hafa gengið upp eftir að ég hætti í fastri vinnu,“ sagði hún. Nú vinnur hún að nokkrum verkefnum og er spenntust fyrir vist sinni við Háskólann í Texas þar sem hún vinnur að tveim verkefnum sem heita „Skopparahús“ og „Kvörðunarherbergið“. Hún heldur einnig sýningu á raddskráteikningum sínum í gallerí í Beijing. Christine er kona sem er til í að gera eitthvað nýtt og sumt af því dreymdi heyrnarlauseir aldrei um að reyna. Hún hefur sýnt heiminum nýtt svið listar sem er aðgengilegt heyrnarlauseirum.

„ÞARF RÖDDIN MÍN AÐ HEYRAST? ÉG HELD AÐ VIÐ HEYRUM Á MISMUNANDI HÁTT, EKKI AÐEINS Í GEGNUM EYRU OKKAR...”

tákmalstúlk. Henni hafði aldrei þótt þægilegt að skrifa á ensku, en þegar hún byrjaði að skrifa meira fór henni mjög fram. Þar að auki tók hún eftir að þegar hún notaði texta í kynningum sínum tók fólk frekar eftir nærveru hennar. Flest heyrnarlauseir fólk réð túlka til að eiga samskipti við aðra en það gerði hún ekki. „Ég ténist alltaf í þýðingu og ákveðin verk eru þannig að ég vil eiga bein samskipti við áheyrndur án þess að nota rödd ein-hvers annars. Túlkar venjast manni fljótt og fara að meðhöndla mann eins og alla aðra og þá missi ég sífellt meiri upplýsingar frá mér þegar þeir eru ekki nærri,“ sagði hún.

Á sýningum hennar voru flestir gestirnir heyrandi fólk. Ég spurði Christine hvort sýningum, hennar væri ætlað að einblína á skynjun heyrandi fólks á hljóðum frekar en heyrnarlauseira. Hún kinkaði kalli og útskýrði að hún hefði áhuga á að vita hvernig heyrn-

verkefnisins var að taka upp hljóð flugferðar frá Berlín til New York á upp-tökutæki í pakka. Þegar pakkin kom til New York slökkti Christine á upp-tökutækinu og klippti til hljódupptökuna. Verkið var svo kynnt í BOMB tímaritinu í september 2013. Thomas, sem heyrir fékk ekki að hlusta á upptökuna á meðan á vinnslu stóð. „Ég fann leið til að jafna stöðu mína í þessu verkefni frekar en að vera sú sem heyrði aldrei,“ sagði hún. Thomas samþykkti að hlusta aldrei á upp-tökuna í samningi þeirra og Christine útskýrði að ef hann heyrði það fyrir slysi yrði því öllu eytt samstundis. Christine bætti við að hún væri hrifin af því að í þessu og öðrum samstarfsverkefnum sem tengjast hljóðum hafi hún og heyrandi samstarfsfólk sömu stöðu, „stundum hafði ég betri aðstöðu.“ Hún bætti líka við að þegar eitthvað mistækist hindraði það hana ekki í að gera tilraunin með hljóð. „Ég þoli ekki að ég geti ekki sagt sjálfri mér að þetta geri ég ekki því ég



Ljósmynd: Ioannis Drakoulidis




Ljósmynd: Masahide Asho

1


Ljósmynd: Alex Myung



4



3



5



Ljósmynd: Conrado Lohys

2

VINNUSTOFUR ÚT Í HEIMI

(1) Hún stýrði vinnustofu í Tókyó í október 2013 og hljóðstyrkur mátti ekki vera meiri en 85 dB og hún mótaði lista með 85 dB í skorun sem hluti af starfinu sínu að fá áhorfendapátttöku sem veltvang sinn í staðinn þess að nota raunverulega stíg. (2) Hún stóð fyrir vinnustofu með áhorfendum í New York. Markmiðið var að skapa grundvöll fyrir orðræðu milli samtímans og sögulegra staðreynda. Hún sagði að í táknaði væru 30-40% í líkamshreyfingum restin í svipbrögðum. Hópur heyrnarlausra átti að tjá orð án handa. (3) Hvernig á að mæla rósemi? (4) Hún notaði leikræna framsetningu og tækni til að skoða samband sitt við hljóð og talmál. Hún leiddi vinnustofu í Chicago sem tók allskonar hljóð, þagnir, bendingar og samskipti og úfærði í formi tækni og leikrænnar framsetningar. (5) Hvernig á að mæla hávaða? (6) Hún notar fjölbreyttan hljóðbúnað. (7) Hún framkvæmdi eina sýningu ásamt öðrum listamönnum sem hét „Stjarn fræðilegur hringur“ í New York. Christine notaði spjaldtölvur með texta svo áhorfendur gátu lesið og fylgst með hvað var að gerast í sýningunni. (8) Christine tengir búnað á vinnustofu sinni.

Ljósmyndir af teikningunum: Courtesy Artisphere



6

Ljósmynd: Dan Mahon, courtesy of Drifter Projects 1

7



Ljósmynd: Festival Boom

Ljósmynd: Festival Boom

8

KVEÐJA FRÁ BORDEAUX Í FRAKKLANDI

Eftir Gunnar Már Ólafsson

Ég vil byrja á því að kynna mig aðeins. Ég heiti Gunnar Már Ólafsson er fæddur á Íslandi en hef gengið í skóla þar og í Noregi, USA og í Frakklandi. Ég er fæddur heyrnarlaus og þrátt fyrir það hef ég mikinn áhuga á tungumálanámi. Síðustu árin hef ég verið námsmaður í Frakklandi, lagt stund á táknmálfræði og kynnt mér vel möguleika tækninnar til að miðla menningu og fræðslu. Mitt áhugasvið er leikhúsið. Leikstjórn, textagerð og miðlun, kvikmyndagerð og myndbönd þar sem ótrúlegir möguleikar eru á miðlun á táknmáli. Ég tek nú virkan þátt í áhugamannaleikhúsinu Reg'Art og hef á síðustu mánuðum verið að í textavinnu með leikhópnum og leikstýrt leikverkinu, en sagan á að gerast árið 1880 á Ítalíu.

Leikskýningar á táknmáli með texta

Leikfélagið Reg'Art er frá Bordeaux í Frakklandi. Þetta er eitt af leikfélögum heyrnarlausra sem hefur sýnt leikverk á táknmáli. Reg'Art var stofnað um 1990 en því var því miður lokað 2009 vegna kreppunnar sem allir þekkjja. Í september 2012 var leikfélagið endurvakið og ákveðið að stefna á eitthvað nýtt eða leikhús sem væri opið fyrir alla. Innan Reg'Art starfa 6 leikhópar; Atvinnuleikhópur, áhugamanna leikhópur, látbragðshópur, barnleikhópur, tónlistar/danshópur og táknmálssöguhópur.

Frá hausti 2012 hafa verið sýndar tvær leikskýningar og þær heita: „Bleu Arbe“ og „Museum d'or“ (Bláa tréð, Safn gullsins). Þessar sýningar tókust það vel að kominn var tími til að sýna meiri fagmennsku og ná til fleiri og því er stefnt á farandleikhús, leikhús sem kemur til fólksins. Við ætlum að sýna á fleiri stöðum í Frakklandi. Táknmálstalandi fólk er „minnihlutahópur“ sem býr víða um landið. Markmið okkar er að auka vísýni og gefa heyrnarlausum aðgengi að þeirri menningu sem leiklistin ber uppi.

Verkefnið sem ég fékk var að stjórna vinnu við handrit eftir rithöfundinn Sebastien Charmard og leikstýra verkinu. Sagan gerist eins og áður er sagt á Ítalíu 1880, nákvæmlega dagana 9.-11. september. Við áttum að vinna textana yfir á táknmál og sjá til þess að gefa trúverðuga mynd af því

sem gerðist í táknálssamfélagi þessa tíma. Eins var það í mínum höndum, í samvinnu við hópinn, að vinna leikmynd og ákveða búninga og aðra umgjörð verksins. Þetta var mikil áskorun fyrir mig.

Heiti sýningarinnar er einfaldlega „1880“. Leikendur eru fimm og sagan segir frá frönskum dreng sem ferðast með kennara sem er heyrnarlaus en með þeim í ferðalaginu er skólastjórinn og eyrnalæknir. Drengurinn kynnist ítalskri stúlku og þau lenda í ævintýri. Verkið gengur að öðru leyti út á að miðla viðhorfi þessa tíma, talið var m.a. að táknmálið væri slæmt fyrir menntun. Fagfólkið trúði því að táknmálið skaðaði heilsu og hefði áhrif á geðheilsu.

Það var mikil áskorun og vinna að lesa um sögu þessa tíma. Leikskýningin kastaði fram sögulegum viðhorfum og gaf ekki svörin, en spurði alltaf...satt eða logið/ rétt eða rangt? Markmiðið er að áhorfendur átti sig á að ekki allt er rétt sem sagt er, að þeir fari heim með löngun til að „googla“ til að fræðast um þessa daga. Fólk veit svo lítið en er hvatt til að leita, því að fræðast breytir viðhorfum. Við í leikfélaginu vinnum mikið með háskólanum í 8. hverfi Parísar, en þeir mennta heyrnarlausu og veita heyrnarlausum gott aðgengi að menntun og fræðslu. Þeir studdu okkur mikið í heimildarleit m.a. um Milano málþing heyrnarlausra 1880.

Það er eitt enn sem við í leikhópnum erum mjög stolt af. Það er að breyta starfinu þannig að okkar list og túlkun verði aðgengileg fyrir alla. Sýningin okkar er fyrsta sýningin sem fer fram á táknmáli en hún er einnig textuð. Þetta var mikil reynsla fyrir okkur. Við þurftum að meta hvort textunin skilaði rétt því sem við vildum miðla. Við tölum ekki frönsku, heldur franskt táknmál og grunnmálfræði málanna er gjörólík. Þessi reynsla gaf okkur mikið og við lærðum mikið af þessari vinnu um bæði málin. Stór hluti vinnunnar hjá hópnum var að vinna þessar þýðingar og vera viss um að gefa rétt skilaboð.

Frumskýning leikhópsins með texta fór fram 1. mars s.l. Við erum með 300 sæta sal og viku fyrir frumsýningu var allt

uppselt. Mesta spennan var vegna textans, hvort þetta skilaði sér allt eins og við vildum, en málin eru svo ólík að málfræðilegri uppbyggingu. Þetta var nýtt, þetta var ögrun, hvernig mundi takast? Reynsla er af svona textun í sjónvarpi, ekki útvarpi og hér er þetta nýtt með leikhús, en við reyndum að gera okkar besta.

Niðurstaðan var sú að við fengum flott viðbrögð, mikið var veifað og klappað, salurinn fagnaði stórkostlega vel. Eftir frumsýninguna var veisla. Ég spurði marga hvað þeim hafi fundist um að hafa textun líka. Svörin voru misjöfn, sumum fannst þetta trufla táknmálið, öðrum fannst það alls ekki trufla. En heyrandi fólk fagnaði því að geta fengið að sjá okkar list, sjá okkur táknmálstalandi miðla þessari sögu en það hefur heyrandi fólk ekki getað fyrir á þessu svæði. Þeir nutu þess að geta notið flutnings okkar og áttað sig betur á tjáningu táknmáls og sýndu margir áhuga á að læra táknmál eftir þessa leikskýningu. Textinn hefur ákveðin jákvæð áhrif, gefur fólki tækifæri til að kynnast öðru tungumáli, rétt eins og heyrandi fólk gerir þegar það fer í bíó og fær íslenskan texta á myndirnar. Þannig er auðvelt að læra erlend mál.

Leikhópurinn er þegar búinn að semja um sýningar á fleiri stöðum á næstunni. Þar má nefna frönsku borgirnar Nantes, Toulouse og Lille. Við höfum þegar fengið beiðni frá Ungverjalandi um að heimsækja þá með sýninguna og fleiri hafa sýnt áhuga. Spennandi verður að sjá hvernig gengur að vera með fleiri tungumál í gangi, franska táknmálið og jafnvel bæði franskan og ungverskan texta. Ég á mér þann draum að við sýnum á Íslandi og þá með bæði íslenskum texta og frönskum.

Draumarnir eru jákvæðir og framtíðin gefur okkur svárið.

Með bestu kveðju frá Frakklandi,
Gunnar Már Ólafsson

ÆSKULÝÐSMÓT 2014

Eftir Hjördísi Önnu Haraldsdóttur

Fyrsta Norræna æskulýðsmót heyrnarlausra var haldið í Elverum í Noregi árið 1954. 60 ára afmæli mótsins var því fagnað í ár. Æskulýðsmót er fyrir ungt döff fólk á aldrinum 18-30 ára, er haldið á tveggja ára fresti og Norðurlöndin skiptast á að halda það. Ísland hefur tvisvar haldið mót, fyrst í Reykholti árið 1976 og svo í Þórmörk árið 2006.

Á síðasta ári var keflið hjá Finnum og þeir héldu mót í ágúst í Virrat sem er u.þ.b 3 klst frá Helsinki. Virrat er sumar-bústaðarsvæði og við fengum afmarkað svæði útaf fyrir okkur. Við vorum þrír þátttakendur frá Íslandi, Arnar Smári, Arnold og Hjördís Anna (leiðbeinandi). Heildarfjöldi þátttakenda var um 50 manns ásamt gestum sem komu í heimsókn.

Mótið stóð í eina viku. Hver dagur

hófst á því að eitt land flaggaði fána og söng þjóðsöng og svo morgunmat. Síðan var allskonar afþreying yfir daginn, frjáls tími og kvöldmat. Deginum lauk með kvöldvöku sem eitt land hafði yfirumsjón með. Þátttakendum var skipt upp í blandaða hópa sem höfðu það markmið að safna sem flestum stigum og einn hópur stóð uppi sem sigurvegari á lokakvöldinu. Hver hópur hafði sitt nafn og þurfti að semja sinn söng. Jafnframt að leysa ýmsar þrautir, taka þátt í róðrakeppni og vera með bestu mætingu eða þátttöku í hverjum dagskrárlið.

Mótið var glæsilegt í sumar. Það var fjölbreytt dagskrá í gangi eins og finnskt sánabað að þeirra hætti, kappróður í fjörærubáti, klettaklifur, kajak, skemmtigarður, fyrirlestrar, allskonar þrautir og finnskt boðhlaup þar sem karlar báru konu

á bakinu og hlupu eftir erfiðum slóðum. Í heildina var æskulýðsmótið vel heppnað og margir hittu gamla vini og egnuðust líka nýja vini.

Ég hef tekið þátt í nokkrum mótum og það sem var öðruvísi við þetta mót var að við vorum meðvitað látin upplifa finnska menningu og auk þess fórum við í dagsferð í skemmtigarð. Svo auðvitað það klassíska, morgunflaggið og kvöldvaka sem er aðalstuðið á æskulýðsmótunum. Að mínu mati er ómissandi að taka þátt í æskulýðsmóti að minnsta kosti einu sinni á lífsleiðinni. Það er ómetanleg reynsla og víkkar sjóndeildarhring að hitta önnur döff ungmenni á Norðurlöndunum. Það er hollt fyrir alla að fara út fyrir landsteinana og upplifa ný ævintýri. Ekki síst fyrir íslenska hópinn sem er mjög fámennur og allir þekkja hvern annan.



SIGNS2CROSS

EVROPSKT

SAMVINNUVERKEFNI

Eftir Ástu Baldursdóttur



Signs2Cross var tveggja ára samvinnuverkefni fimm Evrópuþjóða og var styrkt af Evrópusambandinu. Þau lönd sem tóku þátt í Signs2Cross voru Ísland, Noregur, Þýskaland, Ítalía og Bretland. Signs2Cross verkefnið hófst í janúar 2013 og var með það að leiðarljósi að kenna döff og öðru táknmálstalandi fólki alþjóðatáknun. Kennslan er á vefnum á www.signs2cross.eu. Kennslan er ókeypis og er aðgengileg öllum sem hafa áhuga á að læra meira.

Markmiðið með verkefninu er að auðvelda fólki með ólík táknmál að eiga samskipti sín á milli. Alþjóðatáknun (International Signing) getur þannig tengt saman fólk af ólíkum uppruna og menningu. Verkefnið stóð yfir í tvö ár. Signs2Cross tók mið af notendum í Evrópu.


Döff fóru með forystuna í Signs2Cross í öllum samstarfslöndunum. Safna þurfti saman upplýsingum um alþjóðatáknun og um leið um döff menningu. Byrjað var á að finna sögur sem sýna mismunandi menningu og þar sem táknararnir nota alþjóðatáknun. Safnað var 10 sögum með fjölbreytilegu efni. Þar er að finna gamansögur og alvarlegra efni, frásögur með einum táknara og samtal tveggja.

Á www.signs2cross.eu eru allar skýringar á táknmáli eða í myndum. Kennsluloturnar eru 10 og hver lota er með eina af sögunum 10 sem grunn. Hægt er að skoða hverja sögu í heild eða stutta búta úr henni. Sögurnar eru þýddar á táknmál hvers lands, þar á meðal á íslenskt táknmál. Það eru líka skýringar með hverri sögu. Þar er meðal annars sagt frá því hvaðan sum táknin eru komin, hvernig þau eru notuð og hvernig þau eru lýsandi fyrir það sem þau þýða.

Fjórir flokkar æfinga fylgja með hverri kennslulotu: 1) orð og setningar; 2) spurningar með þremur svarmöguleikum; 3) minnisleikur þar sem á að para saman íslenskt tákn og alþjóðatákn; og 4) endurtekningaræfing þar sem nemandinn tekur sjálfan sig upp á vefmyndavél og ber saman við fyrirmyndina.

Starfsmenn Samskiptamiðstöðvar sem unnu að þessu verkefni eru Ásta Baldursdóttir, Júlía G. Hreinsdóttir, Margrét Gíjja Þórðardóttir, Nedelina Stoyanova Ivanova, Tómas Ásgeir Evertsson, Uldis Ozols og Valgerður Stefánsdóttir.

Við vonum að þú hafir gagn og gaman af Signs2Cross og hvetjum þig til að prófa þetta skemmtilega efni.



(1) Frá starfsmannafundi í Reykjavík í júní. (2) Tjú kennslulotur. (3) Viðtal: Kolbrún Völkudóttir ræðir við Peter Hauser. Frá vinstri er þýðing á íslensku táknmáli og nánari skýringar hægra megin. (4) Fjórir flokkar af æfingum; orð og setningar, velja rétta svarið, minnisleikur og síðast endurtekningaræfing.



ÞAÐ ER EINFALT AÐ SPILA MEÐ SNJALLSÍMANUM

WWW.LOTTO.IS



LEIKURINN OKKAR

facebook / lotto.is

VIÐ ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM AÐILUM STUÐNINGINN



STÉTTARFÉLAG Í ALMANNARJÓNÚSTU



Af hverju er **KFC**

SVO  
  **gott** ?

← Gamla
leyniuppskriftin
frá Kentucky

Við notum **fyrsta flokks**
hráefni frá íslenskum
kjúklingaframleiðendum.

Við notum **ferskt** og
heilnæmt grænmeti frá
íslenskum grænmetisbændum.

Allt þetta frábæra hráefni er
eldað á staðnum samkvæmt
ströngustu gæðastöðlum KFC.



KFC
SVOOgott™

Ótakmörkuð símtöl og SMS

Hringdu óháð kerfi í alla farsíma
og heimasíma á Íslandi.



Skiptu yfir í Vodafone RED

Vodafone

Góð samskipti bæta lífið

5 GB
GAGNAMAGN

2,5 GB
GAGNAMAGN

500 MB
GAGNAMAGN

ÓTAKMÖRKUÐ SMS

ÓTAKMÖRKUÐ SÍMTÖL

RED^S

5.918 kr. á mán.

ÓTAKMÖRKUÐ SMS

ÓTAKMÖRKUÐ SÍMTÖL

RED^M

8.883 kr. á mán.

ÓTAKMÖRKUÐ SMS

ÓTAKMÖRKUÐ SÍMTÖL

RED^L

10.859 kr. á mán.



RED
Data



Vodafone
Cloud



Vodafone
Contacts



Vodafone
Protect



Vodafone
Guardian



Mínútur
í útlönd